

1. tölublað, 17. árgangur. Júní 2021

# FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



# ÖRUGG AFRITUN GAGNA

## TRAUST OG PERSÓNLEG TÖLVUÞJÓNUSTA

Hagstæðar lausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og sjálfstæða atvinnurekendur.



### AFRIT

SKÝ  
SPEGLUN  
SKJÖL

Upplýsingar á Afrit.is



### VAKTIN

SILFURVAKTIN  
GULLVAKTIN  
PLATINUMVAKTIN

Upplýsingar á Tolvuadstod.is



# TÖLVUAÐSTOÐ

## FRÍMÚRARINN

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## Netfang

ritstjori@frimur.is

## Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

## Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jónsson (X)  
thorjose@simnet.is

## Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)  
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)  
olafurs@granthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)  
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)  
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Pétur S. Jónsson (VIII)  
pedro@medialux.com

Stefán Einar Stefánsson (VII)  
stefan.e.stefansson@gmail.com

## Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)  
frmrbladi@gmail.com

Örn Geirsson (IX)  
oddsteina@gmail.com

## Forsíðumynd:

Reykholt. Ljós. Jón Svavarsson

## Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

## Allt hefur sinn tíma

Í önnum dagsins hættir okkur til að gleyma okkur í viðfangsefnunum sem reka okkur áfram frá degi til dags. Sjáum kannski ekki mikið annað en þetta verkefni sem verður að ljúka fyrir klukkan fjögur ... og þá tekur annað við. Og hver bjástrar við sitt.

Svo gerist eitthvað og allir fara að fást við sama viðfangsefnið og hugsa um það sama. Þannig var það þegar Covid-19 heimsfaraldurinn hófst í byrjun árs 2020. Þetta kom dálítið flatt upp á okkur og okkur varð tamt að tala um fordæmalaus tíma. Jafnvel frímúrarar slógu fundum á frest og aflýstu allri starfsemi um mánaða skeið! Ekki aðeins hér á Íslandi, einnig í öðrum löndum. Heimsbyggðin öll glímdi við sama vandann.

En, þetta var kannski ekki fordæmalaust? Hér í blaðinu er rifjað upp fordæmi hins fordæmalaus, Spænska veikin, fyrir rúmri öld og er fróðlegt fyrir okkur í nútímanum að fá augnabliks innsýn í þá ógn sem hún bar með sér og kannski um leið áminningu um að ástandið nú er jafnvel ekki svo slæmt og ef til vill einmitt vegna þess að menn voru tilbúnir að taka á sig svolítil óþægindi eins og takmarkanir á ferðafrelsi og fundahaldi með þeim árangri sem nú blasir við: að við virðumst vera að komast furðu klakklaust frá þessum faraldri.

Það getur verið óþægilegt og jafnvel leiðinlegt að ástunda þær dyggðir sem okkur ber eins og varúð, en leiðindin verða fljót að gleymast þegar uppskerunnar nýtur.

Þeir bræður sem lesið hafa Egils sögu komast vart hjá því að spyrja sig hver hafi samið þessa miklu sögu, einkum við lestur fyrri hlutans, þess sem gerist í Noregi áður en þeir frændur flytjast til Íslands. Það er áleitinn hugsun að höfundurinn hafi þekkt vel til frímúrískra fræða. Marga grunar að Snorri Sturluson sé höfundurinn, sumir segja það fullvíst. Nú tengja frímúrarar við þennan arf með margvíslegum hætti, rannsóknarstúka okkar heitir eftir Snorra og í vetur leið fór teymi á vegum St. Jóh.st. Snorra í Reykholt og gerði myndbandsþætti sem vistaðir eru á vef Reglunnar og er sagt frá heimsókninni hér í blaðinu. Þetta er hið merkasta verkefni og er vel við hæfi að frændur okkar, norskir bræður, hafa sýnt því mikinn áhuga eins og sagt er frá í greininni.

Og enn tengjum við til Noregs þar sem hinn ágæti listamaður, Hjørleifur Valsson, segir frá frímúrarastarfi sínu beggja vegna Atlantsála, hér og í Noregi.

Rétt er einnig að benda á afar athyglisverða sögu þriggja bræðra, sem hafa þá sérstöðu að búa við líkamlega fötlun þegar þeir ganga í Regluna og láta fötlun sína ekki aftra sér í starfinu.

Með þetta veganesti sem hér fylgir höldum við áfram göngu okkar inn í ljós sumarsins og minnumst orða Predikarans: Allt hefur sinn tíma!

Pórhallur Jónsson






# MARPORT


MARPORT

MARPORT.COM


 ICELAND

 USA

 SPAIN

 NORWAY

 FRANCE

 SOUTH AFRICA





Ljósmyndir: Jón Svevarsson

*Sr. Geir Waage og Stefán Einar Stefánsson standa yfir moldum Snorra Sturlusonar og í baksýn má sjá gömlu kirkjuna í Reykholti sem afhelguð var samhliða vígslu hinnar nýju árið 1996.*

# Snorri Sturluson vegin og metinn

Starf St. Jóh.stúkunnar Snorra er með nokkuð öðru sniði en annarra stúkna í Frímúrarareglunni. Formlegir fundir á vettvangi hennar eru fjórir til fimm á hverju starfsári. Þótt fundirnir séu ekki margir liggur mikil

vinna að baki undirbúningi þeirra, jafnt sá sem snýr að fundahaldinu almennt en ekki síður þeim rannsóknar- og fræðsluerindum sem flutt eru á vettvangi stúkunnar.

Þegar starf stúkunnar lagðist af

vegna veirufaraldursins vöknudu spurningar um með hvaða hætti væri hægt að miðla fróðleik til bræðranna í hinum undarlegu aðstæðum. Vaknaði þá sú hugmynd að varpa ljósi á manninn sem stúkan er kennd við, Snorra





*Rafn Rafnsson stýrði upptöku viðtalsins sem að mestu fór fram í Snorrastofu.*

Sturluson, goðorðsmann, sagnaritara og stjórnmálaskörung sem sennilega var fæddur árið 1179 og veginn úr launsátri aðfaranótt 23. september 1241.

Eftir nokkrar vangaveltur um hvernig best væri að draga upp áhugaverða mynd af Snorra, sem löngum hefur verið talinn kunnastur Íslendinga á erlendri grund, varð úr að leita til sr. Geirs Waage, fráfarandi sóknarprestis í Reykholti. Hann þekkir sögu Snorra öðrum betur og hefur kynnt sér ævi hans og störf frá flestum hliðum. Leitaði stúkan til sr. Geirs og kannaði hvort hann myndi vilja setjast niður og ræða um Snorra. Tók hann ljúfmannlega í þá beiðni og sagðist glaður að heyra af lifandi áhuga bræðranna á Snorra Sturlusyni.

Það þótti viðeigandi að taka viðtalið upp í Reykholti, á staðnum sem helst er tengdur sögu Snorra, þótt vissulega séu fleiri sögustaðir tengdir minningu hans, allt frá Stafholti í Borgarfirði og Borg á Mýrum, Sauðafell í Dölum og þá ekki síður Oddi á Rangárvöllum þar sem hann hlaut uppeldi við fótskör Jóns Loftssonar, hins konungsættaða höfðingja



*Sr. Geir sýndi aðkomumönnum Reykholtskirkju og útskýrði m.a. tilkomumikið mynd- og táknmal steindra glugga sem listakonan Valgerður Bergsdóttir er höfundur að.*

sem réði lögum og lofum í landinu á öndverðri 12. öldinni.

Stillti stólmeistari Snorra upp teymi til undirbúnings viðtalinu. Var br. Rafn Rafnsson kvikmyndagerðarmaður fenginn til þess að annast upptökuna, br. Jón Svavarsson skrásetti viðtalið í myndum og br. Stefán Einar

Stefánsson undirbjó efnistöð og tók viðtalið.

Það var svo snemma morguns á fyrsta laugardegi í jólaföstu sem hópurinn safnaðist saman og hélt af stað upp í Borgarfjörð. Skartaði landið sínu fegursta í mikilli stillu og fimbulkulda. Eftir því sem ofar dró í





*Frú Dagný Emilsdóttir og sr. Geir í stofu nýs heimilis þeirra í Reykholti. Þau hafa setið staðinn frá árinu 1978.*



*Fimbulkuldi var í Borgarfirði þegar upptakan fór fram en ylurinn frá Snorralaug var kærkominn.*

héraðinu lækkaði hitastigið og náði mest 14 gráðu frosti. Beit það því nokkuð þó enginn væri vindurinn.

Tók sr. Geir á móti hópnum ásamt konu sinni, Dagnýju Emilsdóttur í nýju einbýlishúsi sem þau hafa reist sér í Reykholti. Var boðið upp á kaffi og konfekt. Var að því búnu haldið út í Snorrastofu sem samtengd er hinni glæsilegu kirkju sem þau hjón hafa ásamt sveitungum sínum haft veg og vanda af að byggja upp á umliðnum áratugum.

Upphaflega hugmyndin byggði á því að viðtalið yrði birt í tveimur hlutum og að hvor þeirra yrði u.þ.b. 12 mínútur. Ljóst var að viðfangsefnið var mikið að vöxtum og því mikilvægt að afmarka samtalið vel. Ekki tókst það þó alveg og reyndist viðtalið langt og ítarlegt þar sem sr. Geir sagði af Snorra og sögu hans, rakti ættir og vinatengsl og hvernig hann fann til í stormum sinnar tíðar. Frásögnin reyndist margbrotin líkt og maðurinn sjálfur sem skapaði hin ótrúlegu bókmenntaverk sem ekki hafa aðeins mótað hugarheim Íslendinga heldur menningu Vesturlanda. Áhrifa þeirra gætir í klassískri menningu en einnig í stórvirkjum á borð við Krúnuleikana (e. Game of Thrones) og Hringadróttinssaga (e. The Lord of the Rings).

Pegar uppi var staðið urðu þættirnir alls fimm og tekur hver og einn þeirra á tilteknum stefnum sem samtalið milli sr. Geirs og br. Stefáns tóku á sig. Voru þættirnir að lokum birtir á heimasíðu Frímúrarareglunnar og vöktu athygli margra bræðra sem áhuga hafa á sögu Snorra Sturlusonar.

Fréttu norskir bræður af gerð viðtalsþáttanna og er nú unnið að því að texta þá á norsku svo að frímúrararbræður handan hafsins geti kynnt sér efni þeirra. Norðmenn hafa á öllum tímum haft mikinn áhuga á Snorra enda skráði hann sögu konunga Norðs. Það er einkar ánægjulegt að þetta framtak hafi vakið athygli utan landsteinanna og verði fleirum en reglubræðrum hér á landi til fróðleiks og uppörvunar.

*Haukur Óskarsson,  
Stólmeistari  
St. Jóh.stúkunnar Snorra*

## Ég er frímúrarari



Bergur Þorri Benjamínsson.

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

# Það skiptir máli að hafa hlutverk

## Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar

Bergur Þorri Benjamínsson er starfandi formaður Sjálfsbjargar og hefur vakið athygli á opinberum vettvangi sem öflugur málsvari þeirra sem búa við hreyfihömlun.

Samtal okkar hefst á umræðu um reynslu hans í þessum efnum. Bergur segir að í hlutverki hans nú „gusti stundum“ um hann en það sé þó ekki ástæða til að láta hugfallast. Margt megi bæta í málaflökki fatlaðra. Sem dæmi nefnir hann að bæta þurfi samráð, m.a. með því að ræða við Sjálfsbjörgu o.fl. á frumstigum í stað þess að geyma það fram á síðustu mínútu.

Að hans mati gæti þetta mögulega stafað af því að alþingismenn og starfsmenn stjórnarráðsins skorti innsýn í aðstæður fatlaðra.

„Fólk er þá að búa til reglur um þennan þjóðfélagshóp án þess að hafa nægilega skýrar hugmyndir um hvað þarf að gera. Við þær aðstæður er ákveðin hættu á því, þrátt fyrir fræði og lágmarksþekkingu, að regluverkið verði misheppnað. Eina leiðin til að snúa ofan af þessu er að virkja öll 42 félögin sem eru innan Öryrkjabandalagsins, þannig að fleiri sjónarmið komist að gagnvart stjórnkerfinu.“

Bergur Þorri útilokar ekki að fatlaðir eigi sjálfir þátt í því að raddir þeirra hafa ekki heyrst nægilega greinilega. Hugsanlegt sé að fatlaðir vantroysti sér til þátttöku í opinberri umræðu. Í því samhengi gagnrýnir Bergur sérstaklega áherslur sem hann segir hafa verið áberandi of lengi, þ.e. að fatlaðir eigi að taka því rólega og ekki vera virkir þátttakendur í atvinnu- og þjóðlífi. Bergur er ekki sammála þessu og vill hvetja alla til virkrar þátttöku, og þá ekki síst í félagsstörfum.

„Skilaboð samfélagsins eru þau að



ef þú ert mikið hreyfihamlaður þá sé ekki gott fyrir þig að vinna.“

Hver er leiðin út úr þessu?

„Margt klárt, fatlað fólk er komið fram á sjónarsviðið. Þetta er fólk sem er nú ekki aðeins að mennta sig heldur vill henda þessari hugmyndafræði út í hafsauga og fá eitthvað bitastætt að gera. Við sjáum það að í viðskiptalífnum er víða að finna menn sem eru fatlaðir, en það sjáum við þó ekki inni í stjórnkerfinu sjálfu. Hugsanlega þarf meðvitaða pólitíska ákvörðun til þess að fá fleiri fatlaða inn í stjórnkerfið.“

Bergur bendir á að umræðan um þennan málaflökk einkennist af ákveðinni togstreitu.

„Öryrkjum fjölgar og það kostar mikið. Við eigum ekki að víkjast undan því að horfast í augu við þetta. En um leið má benda á að ef við veitum fötluðu fólk ekki tækifæri þá hækkar þessi stabbí. Ríkið þarf að ganga á undan með góðu fordæmi og veita tækifæri.“

Þetta mætti að mati Bergs útfæra á ýmsan hátt.

„Krafan í samfélaginu hefur verið sú að menn geti unnið 8 tíma á dag, en þegar þetta er skoðað í nýju ljósi má alveg sjá fyrir sér að fötluðu fólk yrði veitt meira svigrúm að þessu leyti.“

Stundum er sagt að það sé umhverfið sem fatlar menn. Stigi upp á 2. hæð er farartálmi ef ekki er lyfta í húsinu.“

Bergur vill sjá að af hálfu hins opinbera fylgi efndir í þessum efnun, t.d. með einhvers konar „aðgerðaplani“ þar sem menn setji sér mælanleg markmið í þessum efnun.

„Viðhorfsvandinn byrjar í heilbrigðiskerfinu. Þar er fólk, sem betur fer, annað um þá sem lent hafa í slysum o.þ.h. Umhyggja og velvild eru auðvitað mikilvæg, en velvildin má ekki vera kæfandi. Það að hafa eitthvert hlutverk skiptir svo miklu máli. Geta verið þátttakandi í samfélagi, á vinnu- markaði, í félagsstörfum. Einangrun er það versta fyrir heilsuna, ekki síst andlega heilsu. Fjarvinna er draumur fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Fjarfundabylting hefur orðið, við snúum ekki til baka að því leyti.“

Samhliða þessu tekur Bergur þó fram að við megum ekki gleyma því að ákveðinn hópur fólks getur ekki unnið.



Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

*„Margt klárt, fatlað fólk er komið fram á sjónarsviðið. Þetta er fólk sem er nú ekki aðeins að mennta sig heldur vill henda þessari hugmyndafræði út í hafsauga og fá eitthvað bitastætt að gera.“*

„En við höfum mýgrút af tækifærum þarna úti til að snúa við ferli sem beinir öllum inn í félagslega kerfið, t.d. með því að ýta öllum út á leigumarkaðinn í stað þess að auðvelda fólk að eignast sitt eigið húsnæði.“

Hann bætir við að auðvitað þurfi að leysa mál þeirra sem sitja eftir, „en eftir því sem fleirum er hjálpað til sjálfsbjargar þá leysir það vanda viðkomandi og þá má fara að hjálpa þeim næsta.“

„Samfélagið þarf að fara að svara þeirri vaxandi kröfu hvort við ætlum að bjóða fólk, sérstaklega ungu fólk, sem slasast/lamast, að það lifi á kjörum lungann af ævi sinni sem eru lélegri en atvinnuleysisbætur.“

Finnst þér að menntakerfið gæti komið að þessu?

„Já, fólk hefur verið að lenda í aðgengisvandræðum í háskólakerfinu. Það birtist m.a. í því að verkleg kennsla hefur verið í óaðgengilegu húsnæði.“

Bergur ber menntakerfinu ekki illa söguna, en leggur áherslu á að gera þurfi alla hluta menntakerfisins raunverulega aðgengilega. Þarna þurfi enn mikið átak.

Við ræðum nánar um andlega og sálræna hlið þeirra erfiðleika sem fatlaðir glíma við.

„Þegar slys eða veikindi ber að höndum þarf að gefa fólk andrými til að komast aftur af stað, það er oft „púnkterað“ eftir áfallið, óttast svo að það muni springa á limminu í starfi, með þandar taugar. Einvera og einsemd er stórkostleg meinsemd í samfélagi okkar. Við eigum met í notkun þunglyndislyfja. Þetta er auðvitað ekki einfalt mál að leysa, en hér þarf að efla boðleiðir, tengsl og úrræði þar sem ein hönd tekur við af annarri. Hér er svigrúm til að efla marghliða starf þar sem ríkisvaldið og fólk sjálft, félög og fjölskyldur vinna saman. Frímúrarastarf getur veitt stuðning í þessu ferli og veitt bæði styrk og kjark, það veit ég af eigin raun.“

Bergur talar nánar um jákvæða reynslu sína af frímúrarastarfinu og segir Regluna geta gegnt miklu uppbyggingarhlutverki á þessu sviði sem öðrum. Bergur veltir fyrir sér hvort unnt væri í þessu tilliti að veita fötluðum og tekjulágum afslátt af félagsgjöldum, a.m.k. á fyrstu stigum, meðan menn eru að byggja sig upp. Reglustarfið gæti að mati Bergs hjálpað mönnum að sjá stóru myndina, brjótast út úr neikvæðni og hugsunarmynstri sem snýst um aukatriði.

„Menn eru oft niðurbrotnir eftir slys og áföll, en því má ekki gleyma að það er þó í eðli manna að reyna að brjótast til baka. Og þarna getur Reglan veitt mönnum andlegan styrk til nýrrar uppbyggingar. Vinarhugur og bróðurþel hjálpar alltaf. Fatlaðir og öryrkjar hafa gott af því að ganga inn í Regluna, ekki síður en aðrir.“

*Arnar Þór Jónsson*

## Ég er frímúrari



# Við þurfum öll að finna okkar stall, óháð því hver við erum

Valgeir Ólafsson, framkvæmdastjóri Tölvuaðstoðar

Valgeir Ólafsson er framkvæmdastjóri og eigandi Tölvuaðstoðar ehf.

Hann tekur á móti mér á skrifstofu sinni og tal okkar beinist strax að Reglunni og starfi hennar. Það er hjart yfir Valgeiri. Hann segir mér, í léttum dúr, að hann hafi á yngri árum

hafa haft það sem hann nefnir „spillingarímynd“ af Reglunni og hafi haldið að starf hennar snerist um „klíkuskap“. Sú ímynd hafi þó gufað upp sjálfkrafa eftir að menn sem hann vissi að voru í Reglunni höfðu drengilega staðið með honum í tímabundnu

mótlæti. Nefnir hann sérstaklega til þeirrar sögu móðurbróður sinn Valgeir Friðþjófsson, sem Valgeir kveðst standa í mikilli þakkarskuld við.

„Allt vann með mér og mér fannst eins og ég væri í meðbyr, eins og verið væri að hjálpa mér. Ég get ekki út-





Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

skýrt þetta öðruvísi. Ég var leitandi á þessum tíma. Um sama leyti fór ég að vinna í verkefni fyrir Indriða Pálsson, sem ég vissi ekki þá að var fyrrverandi Stórmeistari Reglunnar. Þar rakst ég á frímúraramerkið og við fórum að tala saman um það. Indriði sagði við mig að ég ætti vel heima þarna. Það ýtti mér af stað að þreifa fyrir mér í þessu. Ég valdi að ráðfæra mig við Valgeir frænda minn og Friðþjóf Bergmann, annan frænda minn, sem ég treysti vel.“

Ég er auðvitað mikill tölvukarl, en tók meðvitaða ákvörðun um að „gúgla“ ekkert í aðdraganda upptökuunnar því ég áttaði mig á að trúnað-

urinn yfir siðareglunum hlyti að þjóna einhverjum tilgangi, auk þess sem Netið geymir auðvitað mikið af misvísandi og röngum upplýsingum. Ég las þó frímúrarablöðin á vef Reglunnar og skoðaði heimasíðuna að öðru leyti. Ég sá að Reglan byggir á trúarlegum grunni. Það flæktist ekki fyrir mér. Ég trúi því að til sé vitund/orka sem er langt ofar skilningi okkar mannanna. Það er svo margt í heiminum sem við skiljum ekki.“

*Um starfið að öðru leyti ...*

„Ég fékk góðan stuðning þessara frænda minna á þessum upphafsstigum. Svo gekk ég inn í Regluna og hef sannarlega ekki séð eftir því. Af minn, sem var frímúrari, sagði að maður ætti að sækja stúkufundina samviskusamlega. Ég þorði ekki annað en að gera það. En ég var líka mjög duglegur að heimsækja aðrar stúkur. Ég hef farið út á land í þeim tilgangi og farið til útlanda með tveimur stúkum. Félagsskapurinn hefur gefið mér gífurlega mikið. Ég hef kynnst þarna mönnum sem ég hefði ella ekki kynnst og alls ekki í þessum aðstæðum, sem eru svo gefandi.“

*Hefur starfið breytt viðhorfum þínum?*

„Áður en ég gekk inn horfði ég í spegil og var nokkuð ánægður með sjálfan mig. Taldi mig vel undirbúinn að ganga inn í Regluna. Í þessu viðtali skulum við láta nægja að segja að svo var ekki. Ég hef lært mikið á vegferð minni innan Reglunnar. Ég áttaði mig á að ég gæti verið miklu betri. Kannski var ég með uppblásið sjálfsöruggi áður. Reglan hefur knúið mig til að horfa meira í eigin barm en ég gerði áður. Ég vil líka geta þess að starf mitt í Reglunni hefur bætt mig í að setja mig í spor annarra og reyna að skilja þá betur. Og svo hefur þetta líka styrkt mig í því sem ég er að vinna við. Þetta hefur sem sagt bæði hjálpað mér einkalífi og í starfi. Reglan hefur hjálpað mér að sjá að ég er ekki eins „fullkominn“ og ég taldi. Frá fyrsta fundi hef ég sótt starfið vel og þekki því marga innan Reglunnar. Ég hef haft mjög gaman af öllum þessum samskiptum, bæði til að hlusta og tala.“

*Viltu bæta einhverju við um starfið og áhrif þess á viðhorf þitt til lífsins?*



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

„Eftir því sem liðið hefur á feril minn í Reglunni hef ég skynjað betur dýpið sem býr að baki mismunandi gráðum. Og ég hef notið ferðalagsins en það er margt í dýpinu óskoðað. Þetta hefur allt mótað mig vel. Mér hefur liðið vel í starfinu og öllu sem því tengist. Mér varð t.d. ljóst að enginn hefur reist mér meiri hindranir en ég sjálfur með viðhorfum mínum!“

*Hvað sérðu fyrir þér sem næstu skref í lífi og starfi?*

Ég ætla að halda áfram að reka mitt fyrirtæki og byggja það upp. Ég sæki mótun og hugmyndir til Reglustarfsins og frímúrafræðanna. Ég og Natalia, eiginkona mín, eigum þrjú börn, 8 ára (9 ára 10. júní), 6 ára og eins árs. Henni líður vel með þátttöku mína í Reglunni og hefur komið með okkur í ferðir til útlanda þar sem við höfum fengið góðar móttökur. Starfið í Reglunni hefur fært mér heim sanninn um að ég eigi mikið inni. Við eigum öll okkar blómatímaskeið. Ég er á réttri leið... og er raunar að nálgast mitt besta tímaskeið! Ég finn að ég er á réttri leið og er að verða betri maður.

*Arnar Þór Jónsson*

## Ég er frímúrari



*Pórður Örn Kristjánsson.*

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

Pórður Örn Kristjánsson:

# Starfið í Reglunni hefur gefið mér meira en ég bjóst við

Pórður Örn Kristjánsson var 15 ára þegar veikindi hans uppgötvuðust og 18 ára þegar hann missti heyrnina. Á aðáunarverðan hátt hefur Pórður tekist á við þessar hindranir. Ég heimsótti Þórð á fallett heimili hans

þar sem hann býr með konu sinni og þremur sonum. Þegar mig ber að garði er Pórður í óða önn að ljúka við frágang og uppsetningu Döfðblaðsins, sem hann ritstýrir. Auk þess situr hann í stjórn Félags heyrnarlausra.

Pórður var fyrsti heyrnarlausni maðurinn á Íslandi til að ljúka doktorsprófi. Þeim áfanga náði hann árið 2016. Doktorsritgerð hans er á sviði fuglafræði og fjallar um varp-vistfræði æðarfugla. Pórður er sér-



stakur áhugamaður um æðarfuglinn, sem hefur verið honum hugleikinn frá barnæsku, en Þórður hefur ásamt fjölskyldu og vinum annast um æðarvarp í Hvallátrum á Breiðafirði um langt árabíl. Lesendur Frímúrarans hafa vafalaust einnig áhuga á þeirri staðreynd að Þórður er fyrsti heyrnarlaus maðurinn sem gengið hefur inn í Frímúrararegluna, ekki aðeins á Íslandi, heldur á öllum Norðurlöndunum.

Tengsl Þórðar við Regluna rista djúpt. Faðir hans er Kristján Þórðarson, SMR, en frændur og vinir hafa einnig verið frímúrarar, þar á meðal þeir Bjarni Pálsson og Sigmundur Örn Arngímsson.

*Ég spyr Þórð hvort hann hafi þá lengi verið áhugasamur um frímúrarastarfið.*

„Já, ég fór að hugsa talsvert um þetta starf á unglingsárum, af því ég var forvitinn. Það var þó ekki fyrr en á síðasta ári í doktorsnáminu sem ég fór að velta alvarlega fyrir mér möguleikanum á inngöngu. Ég bjóst þó ekki við að það stæði mér til boða sökum heyrnarleysisins, enda taldi ég mig vita að slíkt hefði aldrei verið gert. Það kom mér því skemmtilega á óvart að fá jákvæð viðbrögð. Allt hefur gengið ótrúlega vel á þessari vegferð, enda hafa margir verið tilbúnir til að hjálpa til og allir vilja leggja sig fram svo mitt reglustarf gangi sem best.“

*Þórður neitar því ekki að sú reynsla að missa heyrnina hafi verið honum sjálfstæður skóli og verið þroskandi á sinn hátt, en tekur þó fram að starf hans í Reglunni hafi hrist upp í honum.*

„Þátttaka mín í starfi Reglunnar hefur verið mikil og góð reynsla. Ég tel nauðsynlegt að innsækjendur séu búnir að ná ákveðinni lífsreynslu áður en þeir ganga inn. Ef menn eru að koma inn í Regluna mjög ungir gæti starfið farið fyrir ofan garð og neðan. Menn þurfa að vera búnir að ná vissum þroska til að vilja verða betri maður og vinna í sjálfum sér. Ég hef fundið að Reglan gerir mér gott. Ég hugsa meira og reyni að passa mig betur. Ég held að ég sé rólegri og sýni meira æðruleysi en áður.“

*Er það umgangur við aðra bræð-*



Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

*ur eða lestur frímúrafræðanna sem hefur skilað þér mestu að þessu leyti?*

„Hvort tveggja. Hver og einn getur dregið mismunandi lærdóm af starfi Reglunnar, en ég lít á þetta sem tíma fyrir sjálfan mig, til íhugunar. Á fundum gefst mér færi á að hvílast frá öðrum hlutverkum sem ég gegni og líta inn á við.“

*Við ræðum um fyrirkomulag funda og hvernig komið hefur verið til móts við Þórð.*

„Stólmeistari St. Jóh.st. minnar hefur verið duglegur að prenta út og sýna mér allt sem fram fer á fundunum. Það er fyrir hans tilstilli og hjálp annarra bræðra sem ég hef getað tekið virkan þátt í starfinu og notið þess. Bræðurnir hafa lagt á sig aukna vinnu til að koma til móts við mig. Fyrir það er ég mjög þakklátur. Sérstaklega er ég ánægður með að fá söngtextana útprintaða. Ég varð ekki heyrnarlaus fyrr en á 19. ári og man mörg lög. Þetta er náungakærleikur í verki. Ég vil einnig nefna að á fjarfundunum sem haldnir hafa verið í „kófinu“ hef ég fengið slíkar útprintanir.“

*Ég spyr Þórð út í áhugamál hans að öðru leyti.*

„Veiðar gefa mér gríðarlega mikið, góð veiðiferð er mannþætandi ekki síst með góðum félögum bæði tví- og ferfættum. Ég stunda bæði stang- og skotveiðar eins og ég get. Svo les ég mikið og er alltaf með stafla af bókum á borðinu. Næst á dagskrá er að taka myndir af fuglum og skrifa á fuglavef

Perlunnar, [www.perlan.is](http://www.perlan.is) Fuglaljósmyndun er nýjasta áhugamál mitt. Ég fer út um allt Ísland til að ná góðum myndum, það er vel hægt að samræma mynda- og veiðiferð. Oft eru það bestu ferðirnar.

Það er nauðsynlegt fyrir fólk að hafa slík áhugamál. Ekki síst fólk í minni stöðu því við það að missa heyrnina eykst hættan á að menn einangrist. Raunin er sú að margir heyrnarlausir og aðrir fatlaðir búa við félagslega einangrun. Yngri fólk er þó oft betur sett vegna þess að það kann að færa sér tæknina í nyt. Við í Félagi heyrnarlausra reynum að ná til þeirra heyrnarlausu sem eru einangraðir.“

*Finnst þér að starf þitt í Reglunni hafi styrkt þig í lífi og starfi?*

„Algjörlega já. Ég er líka viss um að þetta muni styðja mig og styrkja eftir því sem fram líða stundir. Innganga mín í Regluna og starfið þar hefur gefið mér meira en ég bjóst við. Ég vil líka taka fram að konan mín styður þétt við bakið á mér í þessu sem öðru.“

*Lokaorð?*

„Nú eru bjartari tímar framundan eftir erfiðan vetur og styttist hratt í að við getum byrjað okkar góða reglustarf á ný. Það verður gott að hitta bræðurna aftur og halda áfram á þessari vegferð.“

*Arnar Þór Jónsson*



*Hjörleifur Valsson spilar á norsku Systrakvöldi.*

# Hjartað slær alltaf meðal íslenskra bræðra

Hjörleifur Valsson, fiðluleikari, sinnir starfinu í tveimur löndum

Um svipað leyti og Hjörleifur Valsson tók 7. stig í Frímúrarareglunni á Íslandi tók hann ákvörðun um að flytjast til Noregs ásamt konu sinni og börnum. Þetta var árið 2010 og skrítið ástand í samfélaginu. Nýja heima-landið var engin tilviljun. Þar þekkti Hjörleifur vel til.

„Ég lærði fiðluleik í Noregi á árunum 1988 til 1993. Foreldrar mínir

höfðu flutt út með okkur börnin sín þannig að ég þekki vel til á þessum slóðum. Systur mínar fluttu aldrei heim og þess vegna áttum við fjölskyldu hér úti þegar við ákváðum að taka okkur upp.“

Hjörleifur segir að margar ástæður hafi legið að baki ákvörðuninni um að fara út. Það sé erfitt að framfleyta sér á listinni og að hann hafi þurft að

leggja mikið á sig til þess að ná þeim tókum á fiðlunni sem hann hafi gert og að sú vinna standi enn yfir og sé nær viðstöðulaus.

„Mér fannst auðveldara að takast á við þetta úti í Noregi. Ég fann einhvern veginn meira skjól þar og gekk ekki eins nærri mér. Kannski í raun vegna þess að það var ekki eins mikið áreiti, jafn margir viðburðir og heima.





Ljósmyndir: DNFO

Núna finn ég að mörgu leyti samskonar skjól við það að koma heim til Íslands. Svona geta hlutirnir farið í hring.“

### Tók strax að sækja starfið

En Hjörleifur sat ekki auðum höndum eftir að út var komið og meðal þess fyrsta sem hann gerði var að banka upp á hjá norskum reglubræðrum — hann tók að sækja fundi.

Og þeir sem þekkja til Hjörleifs vita að hann á auðvelt með að hitta fólk og hefja gott samtal. Það gerðist á vettvangi frímúrarastarfsins einnig og hann fór fljótlega að spila á fiðluna á fundum. Hann minnst þess að fyrstu jólin eftir að út var komið hafi hann leikið tónlist á sjö jólafundum innan norskur Reglunnar.

„Þetta gaf í raun tóninn ef svo má

segja og ég hef verið virkur í starfi margra stúkna hér úti alveg frá því að ég flutti út.“

Hjörleifur hefur þó ekki flutt sig í norskur Regluna og ber alltaf með stolti stúkumerki sitt í Glitni.

„Það hafa allmargir Stólmeistarar borið víurnar í mig og viljað fá mig yfir en ég hef ekki viljað það. Mér finnst ég eiga heima í Reglunni heima og það er ekkert verra að vera gestur hér hjá okkar góðu bræðrum. Það hefur stundum freistað að árgjaldið í Noregi er talsvert lægra en heima en ég hef ekki látið það ráða för,“ segir hann og hlær.

Þátttaka hans hefur teygst sig út fyrir miðborg Oslóar og á hann vísan stað í fundastarfi nokkurra stúkna í nágrennasveitarfélögunum.

„Þótt starfið úti byggji á sömu

grundvallarskipan þá er það að nokkru leyti frábrugðið því sem við eigum að venjast. Þannig halda stúkurnar uppi einskonar vinafélögum þar sem bræður utan þeirra og systurnar geta tekið þátt. Standa félögin þannig fyrir ýmsum viðburðum utan hins formlega stúkustarfs. Þar hef ég fengið einskonar heiðursaðild á síðustu árum og er mjög þakklátur fyrir það.“

### Mælt með tveimur Íslendingum

Með þátttöku sinni í stúkustarfinu hefur hann sett svip sinn á það, ekki aðeins með iðkun tónlistargáfunnar heldur einnig með því að mæla með tveimur mönnum til inngöngu í norskur Regluna en báðir eru þeir Íslendingar.

Spurður hvort hann eigi sér uppáhalds stúku úti segir Hjörleifur að þarna sé snert á viðkvæmu máli. Honum þyki vænt um þær allar.

„Ég hef hins vegar miklar taugar til stúku sem nefnist Rósinar og þá hefur hið svokallaða Pólstjórnukerfi, sem iðkað er í ákveðnum stúkum úti, einnig heillað mig.“

Í störfum sínum í þágu norskur Reglunnar hefur Hjörleifur starfað náið með æðstu stjórnendum hennar og segir hann að kynni sín af nokkrum Stórmeisturum Reglunnar úti séu minnisstæð og mikils virði fyrir hann persónulega.

„Ég hef átt mjög náið og gott samstarf við Ragnar Tollefsen, sem tók við embætti Stórmeistara árið 2018. Ég hef fylgt honum á ferðalögum um Noreg þveran og endilangan, allt norður til Tromsö og suður til Christiansand. Þannig hef ég notið þess heiðurs að fá að spila á fundum þar sem hann gegnir embættiserindum fyrir hönd Reglunnar. Þess utan hittumst við öðru hverju yfir kaffibolla og hann hefur reynst mér góður í mörgu.“

### Kynnst þremur Stórmeisturum

Áður en Ragnar tók við embætti var dr. Tore Evensen Stórmeistari á árunum 2012-2018 en hann hefur verið tíður gestur á Regluhátíðum Frímúrarareglunnar á Íslandi. Þá kynntist Hjörleifur einnig Ivar A. Skar, Stórmeistara á árunum 2005-2012 en hann er nú látinn.

Stórmeistari Reglunnar í Noregi ýtti eftir því að Hjörleifur tæki fleiri stig í reglukerfinu og fékk hann heim-



*Hjörleifur spilar í norskum stúkusal.*

ild til þess að taka VIII. og IX. stigið úti í Noregi. Það gerði Hjörleifi kleift að sinna störfum fyrir stúkuna á breiðari grunni en áður. Það var svo árið 2019 sem hann tók X. stigið en það tók hann hins vegar hér heima.

Berst þá talið að ólíkum síðum meðal bræðranna. Segir Hjörleifur að frímúrararútfarir eins og við þekkjum hér á landi séu ekki haldnar í Noregi, þ.e. með heiðursverði og því að leikið sé sérstakt tónverk frá Reglunni.

„En bræðurnir fylgja auðvitað látnum bræðrum og ég er mjög gjarnan fenginn til þess að leika á fjöllum í útförum bræðra og fjölskyldumeðlima þeirra. Og það einskorðast ekki við útfarir. Bræðurnir ganga einnig í hjónaband, svo dæmi sé tekið, og þá er ég gjarnan kallaður til sem er afar ánægjulegt og gefandi.“

Einhver myndi segja að þetta væri ærin starfi fyrir einn mann en Hjörleifur kemur víðar við á vettvangi Reglunnar úti. Þannig eru starfræktar á vettvangi hennar bæði

stórsveit og sinfóníuhljómsveit. Hjörleifur er konsertmeistari þeirrar síðarnefndu.

„Þetta er ein elsta sinfóníuhljómsveit Noregs og það er mikill heiður að koma að starfi hennar.“

Hjörleifur viðurkennir að það fari mikill tími í frímúrarastarfið.

„En ég get sko ekki kvartað. Það eru fjölmargir bræður sem leggja óhemju mikla vinnu í starfið, enda myndi þetta ekki vaxa og dafna með þeim hætti sem það gerir nema vegna þessarar vinnu.“

### **Skipuleggur ferðir kringum hátíðir**

Þótt Hjörleifur sé búinn að búa í Noregi í rúman áratug hafa íslensku bræðurnir notið góðs af listsköpun hans. Því hafa ekki síst bræðurnir sem sækja Regluhátíðir kynnst ræklega. Hann segir að það sé mjög dýrmætt að fá að taka þátt í fundunum hér heima og að hann reyni að samnýta ferðir heim á þessum tíma.

„Ég reyni að skipuleggja ferðir

mínar heim þannig að ég geti mætt á Regluhátíð og það er líka gott að nærri henni er afmælisfundur Glitnis ár hvert og því næ ég í raun að slá tvær flugur í einu höggi. Þetta er hins vegar oft dálítið þúsluspil enda er ég með nemendur hér úti sem ég vil sinna vel, en þetta virðist alltaf ganga upp að lokum.“

Spurður hvort hann sé á leið heim segist Hjörleifur ekki vita hvað framtíðin beri í skauti sér. Hann eigi þess kost að koma til Íslands reglulega og það gefi honum mikil. Þá ferðist hann gjarnan til landa á borð við Tékkland og þar sé einnig gott að eiga athvarf. Allt að einu sé ánægjulegt að geta sótt fundi í Noregi og á Íslandi.

Á meðan svo er, fá bræður að njóta þeirra himnesku tóna sem br. Hjörleifur kallar fram á strengjunum fjörum. Nær enginn skilur hvernig hann fer að, en mestu skiptir að stórkostleg tónlistin lyftir fundastarfinu í hæðir.

*Stefán Einar Stefánsson*





Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

## Hugleiðing og þakkir til bræðra og fjölskyldna þeirra

Allt frá því í janúar 2020, hefur það verið ótrúleg upplifun að taka þátt í og fylgjast með starfi bræðra í Frímúrarareglunni. Þann 2. mars 2020 var birt fyrsta fréttin á heimasíðu R. um sóttvarnir í stúkustarfi innan hennar, vegna tilkomu Covid-19 heimsfaraldursins. Nokkrum dögum síðar eða þann 11. mars var öllu starfi frestað og stóð sú frestun til haustmánaða. Heimilt var að starfa með ströngum kröfum um sóttvarnir í ör-stutt tímabil og á þessu starfsári hefur lítið starf verið mögulegt. Landsstúkan hefur náð að halda nokkra fundi með takmörkunum á fjölda þátttakenda ásamt kröfum um notkun andlitsgríma, kröfum um 1–2ja metra fjarlægðarmörk ásamt öðrum sóttvarnaaðgerðum. Sama hefur gilt um annað stúkustarf.

Þrátt fyrir þetta takmarkaða stúkustarf hafa bræður sýnt af sér einstaka elju og dugnað við að framleiða vandaða hljóðvarps- og sjónvarpsþætti, þeir hafa skipulagt símtöl við bræður, sent rafpósta á bræður með hvatningum og hugleiðingum, birt fjölbreyttan fróðleik og skemmtiefni, staðið fyrir netsamkomum og svo mætti áfram telja. Allt efni var birt á heimasíðu Reglunnar og verður það ekki flokkað sem siðbundið efni, en er engu að síður tilraun bræðranna til að styrkja tengslin sín á milli og



Kristján Þórðarson SMR.

við fjölskyldur þeirra, með mjög óhefðbundnum hætti. Vonandi hefur þessi mikla vinna skilað tilætluðum árangri.

Í fyrsta sinn í sögu Reglunnar var boðið uppá vandaða útsendingu á „Aðventudagskrá“ þann 17. desember 2020, úr hátíðarsal Regluheimilisins við Bríetartún, fyrir bræður og fjölskyldur þeirra. Áhorf var ekki mælt nákvæmlega en alls voru um 1.300 opnanir á dagskrána. Með grófri

áætlun má trúlega marfalda þá tölu með 2–3 hið minnsta, sem þýðir á milli tvö og þrjú þúsund áhorfendur!

Allt það einstaka starf sem bræðurnir hafa innt af hendi á þessu erfiða tímabili í sögu Frímúrarareglunnar, vil ég fá að þakka af einlægum bróðurhug.

Annað sem er mér mjög ofarlega í huga nú í lok yfirstandandi starfsárs, er umburðarlyndi bræðra gagnvart lítilli og takmarkaðri starfsemi í stúkunum, einnig jákvæðni þeirra í garð gjalda sem þeir inna af hendi til R. sem ég leyfi mér að segja að er ótrúlega mikil í samanburði við stöðuna í mörgum þeirra landa sem við berum okkar jafnan saman við. Slíkt er ekki sjálfgefið, jafnvel þó við vitum allir að fastur kostnaður við rekstur R. breytist lítið þó starfsemin sé fábrotin.

Fyrir þetta allt færi ég ykkur, bræður mínir og fjölskyldum ykkar, bróðurlegar þakkir. Vonandi verður okkur mögulegt að hefja störf að nýju á fullum krafti á komandi hausti, við þá mannrækt sem við höfum heitið að sinna er við gengum í Regluna. Megi sumarið verða ykkur öllum til mikill-ar gleði og ánægju.

Kristján Þórðarson SMR

# Fordæmi hins fordæmalaus

Það er sennilega öruggt að halda því fram að af öllu sem er að gerast í heiminum, áttu fæst okkar von á því að á okkar tímum þyrftum við að glíma við farsótt eða plágu sem legðist af miklum þunga yfir alla heimsbyggðina og raskaði lífi og starfi okkar allra. Slíkt töldum við kannski flest að heyrði sögunni til.

En þetta gerðist nú samt, og þegar þetta er skrifað, rúmu ári eftir að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti yfir bráðum heimsfaraldri vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins, eru bólu-setningar sem betur fer þegar að ná góðu skriði á heimsvísu og fátt bendir til annars en að lífið muni taka á sig þekkjanlegri og eðlilegri mynd fyrir okkur flest innan örfárra mánaða ef allt fer áfram á besta veg.


En fórnarkostnaðurinn, hvernig sem á það er litið, er stór, og verður stærri. Yfir 117 milljónir sýktra á heimsvísu og 2,6 milljónir látinna þegar þetta er skrifað. Og það er auðvitað miðað við gögn frá þeim löndum þar sem skráningum er samviskusamlega sinnt, en auðvelt er að gera sér í hugarlund að þetta sé einungis hluti þess sem raunverulega hefur gengið á á heimsvísu. Og hér eru ótalin önnur áhrif, efnahagsleg sem sálræn, sem við munum þurfa nokkur ár eða áratugi til að takast á við.

## Ekkert er nýtt undir sólinni

En sama hvað okkur kann að finnast þetta tímabil einstakt í lífi okkar, eru þessir tímar langt í frá fordæmalausir. Þetta hefur allt gerst áður, mun líklega gerast aftur, og við getum enn og alltaf lært af sögunni, ef við kjósum svo að gera.

Farsóttir og heimsfaraldrar eru nefnilega ekkert nýmæli, heldur eitt-hvað sem mannkynið hefur glímt við í þúsundir ára með misgóðum árangri, og það var kannski engin góð ástæða fyrir okkur að halda að það mundi ekki koma til kasta okkar að berjast við þær aftur.

Rannsóknir hafa staðfest tilvist smitsjúkdómabakteríunnar Yersinia Pestis í beinagrindum alveg síðan á bronsöld. Líklegt þykir að fyrsti stóri heimsfaraldurinn hafi komið frá Indlandi og náð ströndum Konstantínópel á árunum 542-541 fyrir Krist.



Að minnsta kosti 18 bylgjur plágu dreifðust í kjölfarið frá botni Miðjarðarhafs til fjarlægari landa eins og Persíu og jafnvel Írlands í kjölfarið, fylgifiskur aukinna siglinga og ferðalaga um þessi svæði.

Næsti heimsfaraldur var enn stærri, og kom að landi í Messina á Sikiley, líklega frá Suðaustur-Asíu, með kaupskipaflota sem bar með sér óvæntan farm, svartrottur alsettar sýktum flóm, sem báru með sér sótt þá er við þekkjum alla tíð síðan sem Svarta dauða.

Útbreiðsla Svarta dauða hófst í október 1347, og sóttin dreifðist um Evrópu eins og eldur í sinu. Eftir lá að minnsta kosti þriðjungur Evrópubúa í valnum, eða um 25 milljónir manna. Pestin skaut síðan upp kollinum síðar á fleiri stöðum í Evrópu allveg fram á sautjándu öld.

## Farsóttir á Íslandi

Íslendingar hafa auðvitað fengið að kenna á ýmsum farsóttum nánast frá því landið byggðist. Sumar þeirra töldust til drepsóttar, sbr. Svarti dauði í upphafi 15. aldar og Stóra-Bóla í upphafi 18. aldar.

1918 var merkilegt ár í sögulegu samhengi á mjög margan hátt, eins og við þekkjum hin sögubókunum okkar.

Fyrri heimsstyrjöldinni var að ljúka með umfangsmiklum áhrifum á stjórnskipan í Evrópu. Ísland fagnaði fullveldi sínu í byrjun desember það ár, veturinn var svo kaldur að hann hefur æ síðan verið þekktur sem Frostaveturinn mikli, hafís læsti klónum í landið, og ísbirnir gengu á land. Og eins það nægði ekki, tók Katla upp á því að gjósa með tilheyrandi jarðhræringum og öskufalli sem meðal annars lagðist yfir Reykjavík.

Þannig að sannarlega vantaði ekki fréttirnar, en þegar litið er til baka í samhengi við tímuna sem við lifum á núna, þá er merkilegt að skoða áhrif 'sóttarinnar' – sem við höfum æ síðan kallað Spænsku veikina – inflúensu er ber fræðinafnið H1N1 og er veirufaraldur af A-stofni.

## Spænska veikin

Spænska veikin er talin mannskæðasta farsótt sem sögur fara af. Talið er að 50 milljónir manna hafi dáið af völdum hennar. Hún var sem-sagt margt. En ekki var hún spænsk.

Fyrst kom hún nefnilega upp í herstöðinni Camp Funston í Kansas. Þaðan barst hún með bandarískum hermönnum til Evrópu í apríl árið 1918. Það sumar kom upp banvænna afbrigði. Þriðja bylgjan gekk svo yfir veturinn 1918-19.

Veikin er talin hafa borist til Íslands með skipunum Botníu frá Kaupmannahöfn og Willemoes frá Bandaríkjunum 19. október 1918, sem var eins og örlögin vildu hafa það, sami dagur og fullveldi Íslands var samþykkt.

Og þetta gerðist hratt. Í byrjun nóvember höfðu margir tekið sóttina og þá er fyrsta dauðsfallið skráð. Miðvikudaginn 6. nóvember er talið að þriðjungur Reykvíkinga hafi veikst. Fimm dögum síðar er talið að tveir þriðju íbúa höfuðborgarinnar hafi verið rúmfastir.

## Viðbrögð yfirvalda

Það er athyglisvert að í upphafi faraldursins voru margir málsmetandi menn á því að aðeins væri um hefðbundna inflúensu að ræða, og að ekki væri tilefni til að grípa til sér-tækra aðgerða. Þetta rímar auðvitað við fyrirferðarmikla orðræðu í upp-





hafi Covid-19 faraldursins víða um heim, oft borinn uppi af hjáróma stjórnmalafólki með mikið fylgi og áhrif, um að engin raunveruleg hættu væri á ferðum og engin ástæða væri til að fara í stórar sértækar aðgerðir. Sagan átti auðvitað eftir að kenna okkur annað í báðum tilfellum.

Þannig voru til dæmis birtar greinar eftir Guðmund Björnsson landlækni í dagblöðum veturinn 1918, þar sem hann gaf fólki ráðleggingar vegna „flensunnar“ og hvatti það sérstaklega til að fara vel með sig til að fá ekki lungnabólgu í kjölfar hennar; en sló af léttúð á tal um að eitthvað meira væri á seyði en venjulegur influensufaraldur. Þegar þar var komið sögu höfðu um 80 manns smitast í Reykjavík.

En ástandið versnaði hratt og innan skamms var ljóst að kalla þyrfti eftir alvöru aðgerðum.

Sérstök hjúkrunarnefnd var skipuð í Reykjavík þann 8. nóvember undir forystu Lárusar H. Bjarnasonar lagaprófessors og var gerð aðgerðaáætlun þar sem borginni var skipt í þrettán hverfi. Gengið var í hús til að leita að þeim sem voru hjálpar þurfi. Víða var aðkoman hroðaleg.

### Lokanir og einangrun

Allt athafnalíf lamaðist í Reykjavík, sem hljómar kannski kunnuglega líka á okkar tímum, þar sem fyrir-sagnir fjölmiðla okkar hafa aðallega verið samsettar af tölfræði um smit annars vegar og afleiðingar ýmissa nauðsynlegra lokana á fólk og fyrirtæki hins vegar.

Blöð hættu að koma út vegna veikinda starfsmanna. Samband við útlönd féll niður því allir starfsmenn Landssímahússins utan einn veiktust. Messufall varð og sorphirða og hreinsun útisalerna féll niður. Ómöglegt var að anna líkflutningum og koma varð upp bráðabirgðalíkhúsum. Brugðið var á það ráð að jarðsetja fólk í fjöldagrafreitum í Hólavallagarði við Suðurgötu og þar hvíla sumir enn í ómerktum gröfum.

Samkvæmt opinberum tölum létust alls 484 Íslendingar úr spænsku veikinni. Veikin kom þyngst niður á Reykvíkingum, þar sem 258 létust, en með ströngum sóttvörnum og einangrun manna og hluta sem grunaðir voru um að geta borið smit tókst að verja Norður- og Austurland algerlega. Ekki má gleyma því að á þessum

tíma var Ísland bændasamfélag en nærri 60% af 91.633 íbúum landsins bjuggu í dreifbýli og hin 40% í þéttbýliskjörnum og vildi það okkur sennilega til happs.

### Sóttvarnir

Smitvarnir voru nauðsynlegar aðgerðir, það var strax kominn skilningur fyrir því að einangra þyrfti sýkt fólk frá öðrum, það höfðu fyrri sóttir kennt okkur. Sóttvarnir voru auðveldasta leiðin til að minnka skaðann af sýkingum og koma í veg fyrir enn meiri útbreiðslu, og margar tilraunir voru gerðar á heimsvísu til að komast að því hvað virkaði best. Í Bandaríkjunum komu víða tilmæli til almennings um að bera grímur fyrir vitum sér til að forðast smit, og náði það einnig til berklasmits, sem þá var líka vandamál í þjóðfélaginu. Þetta var ekki tekið auðveldlega í sátt af öllum, margir töldu slíka fyrirskipun aðför að persónufrelsi sínu. Hljómar það kunnuglega? Þetta höfum við nú séð endurtaka sig í mörgum löndum í núverandi ástandi, þótt grímuntökun verði að teljast lítil fórn að færa til að hjálpa til við að tryggja eigið öryggi og annarra.

Spænska veikin kom upp á tímum þegar fátækt var mikil og almenn í Reykjavík og hreinlæti oft afar lélegt. Meðal þess sem þurfti að fara í sérs-taka herferð gegn voru hrákar, en á þessum tíma tíðkaðist að hrækja út um allt bæði á götum úti og í þar til gerða dalla í húsum og stofnunum.

### Álag á heilbrigðisstéttina

Eins og alltaf þegar farsóttir geisa, var álag á lækna og heilbrigðisstarfsfólk gríðarlegt á tímum Spænsku veikinnar. Öll tiltæk lyf, sem hjálpað gátu gegn lungnabólgu og hitasótt, kláruðust umsvifalaust. Læknar unnu myrkranna á milli og læknanemar fengu bráðabirgðaskírteini til að sinna smituðum. Enn rímur þetta sterkt við ástandið eins og það hefur verið á síðastliðnu ári, þar sem hörkuduglegt og fórnfúst heilbrigðisstarfsfólk hefur unnið hvert kraftaverkið á fætur öðru í umönnun og meðferð sjúklinga sinna, oft með því að setja sjálf sig í hættu, þótt aðstaðan sé ólíkt betri í dag á nánast allan hátt.

Almennt má segja að mörg andlát í kjölfar þessara sögulegu heimsfaraldra megi kenna lélegu hreinlæti, nánú sambýli fólks í þéttsetnum bæjum og borgum, og afskaplega litlum skilningi á sjúkdómumunum og smitdreifingu þeirra. Auk þess var ekki enn búið að finna upp pensillín, sem býddi að erfitt var að meðhöndla lungnabólgu sem oft fylgdi sóttinni.

Dánarhlutfall hérlendis í Spænsku veikinni var hæst meðal ungra barna, fólks á aldrinum 20-40 ára og aldræðra. Einnig urðu barnshafandi konur illa úti.

### Faraldur og tækni á vísindaöld

En hvað græðum við á því að rifja upp fyrri heimsfaraldra? Sannarlega lifum við á öðrum tímum núna og aðstaður eru allt aðrar.

Það er jú rétt að við búum við ólíkt betri aðstaðu að nánast öllu leyti ef borðið er saman við áhrif Spænsku veikinnar á Íslendinga fyrir ekki nema ríflega hundrað árum. Heimurinn hefur á síðustu áratugum farið síminnkandi. Við erum í sífelldu sambandi, og ferðumst gríðarlega mikið. Þetta hefur auðvitað þær jákvæðu afleiðingar að við erum tengdari umheiminum en nokkru sinni áður, en því fylgir auðvitað að aldrei hefur verið auðveldara fyrir farsóttir að

dreifa sér hratt og örugglega um heimsbyggðina. Megin munurinn felst þó auðvitað í byltingarkenndum framförum í tækni og læknávisindum, hreinlæti, samskiptum og smitrakningarleiðum.

Þegar öllum var ljóst að heimsbyggðin væri í sameiginlegum vanda og hættu, var það vísindasamfélagið sem ruddi brautina fyrir lausn með því að sameina krafta sína á heimsvísu, og finna á mettíma bóluefni og lækningu við veirunni. Með aðstoð stjórnvalda stærstu ríkja heimsins var hægt að hefja umfangsmiklar rannsóknir og tilraunir án venjulegra hindrana og biðtíma vegna skrifinnsku og fjárflyunarvandráða. Af raksturinn er mögulega eitt stærsta afrek læknávisindanna fyrr og síðar, og frábært dæmi um hverju mannkynið getur áorkað þegar það ákveður að vinna saman heilshugar að sameiginlegum hagsmunum jarðarbúa.

### Endalok faraldurs?

En hvenær lýkur heimsfaröldrum? Hvenær losnum við við áhrif þeirra? Ef við viljum kynna okkur hlutina aftur í sögulegu samhengi, þá lýkur þeim í raun aldrei. Þeir hjaðna bara.

Spænsku veikinni lauk til dæmis ekki, tæknilega séð. Þegar við höfðum tækni og vísindaskilning til að skoða genamengi veirunnar er orsakaði hana kom í ljós að hún hafði bara stökkbreyst í meinlausari influensur sem hafa herjað á okkur síðan. Enn má semsé finna ummerki hennar í flensustofnum sem herja á okkur á hverju ári, en versta skaðsemin er farin.

En kannski er réttara að spyrja sig hvenær það versta verði yfirstaðið. Víst er að við erum öll í þessu saman og losna þarf við sýkingar á heimsvísu til að þessu sé endanlega lokið og að baki. Kannski munu spretta upp afbrigði sem munu kalla á frekari bólusetningar, en það lítur ekki út fyrir annað en að við munum geta sinnt því vel. Í samanburði við fyrri farsóttir sem herjað hafa á Íslandi getum við huggað okkur við hversu fáir létu lífið af völdum veikindanna hér, og hversu betur við vorum í stakk búin til að takast á við verkefnið, þegar versta fárið var yfirstaðið.

### Ný forgangsröðun

Íslendingar eru ýmsu vanir þegar kemur að hamförum. Við búum í landi óvæginna náttúru og höfum þurft að takast á við ofsaveður, flóð, jarðskjálfta, eldgos og efnahagslegar þrengingar af ýmsu tagi. Og það er umhugsunarvert að það er kannski á tímum sem þessum sem við stöndum okkur best sem manneskjur og meðborgarar gagnvart hvert öðru. Athugum hvernig nágrannar okkar hafa það, hjálpum þeim skilyrðislaust sem þurfa á hjálp okkar að halda og höldum almennt betra sambandi við ástvini.

Það verður ekki tekið af náttúruhamförum að þær hafa einstakt lag á að minna okkur á hvað skiptir mestu máli í lífinu og hjálpa okkur að forgangsráða skyldum okkar og athygli frá veraldlegu brasi til þess að sýna í verki náungakærleika og samheldni. Ég hef oftast en einu sinni hugsað með mér hvað það væri nú gott ef við gætum komið fram við hvert annað eins og við gerum undir slíku álagi, án þess að til þurfi hamfarirnar sjálfar.

Þótt skipulagt frímúrarastarf liggja niðri þar til tryggt verður að það valdi engum hættu, þá er starf okkar utan veggja stúknanna okkar sennilega sjaldan mikilvægara en þegar tímar eru erfiðir. Hjálpum öllum sem við getum, hugum að bræðrum okkar og vinum, sinnum fjölskyldunni okkar betur en nokkru sinni, og hlúum að sjálfum okkur svo að við getum verið öðrum að gagni. Og munum það að þrátt fyrir að okkur finnist það sem við erum að ganga í gegnum forðæmalaust, þá er það sjaldnast svo. Sagan endurtekur sig kannski ekki, en hún rímar ansi oft.

*Pétur Jónsson*



# Menntun er undirstaða lýðræðis

Eftir Arnar Þór Jónsson

„[Skilningur] ... er hin eina rétta mynt. Það er fyrir skilning og með skilningi, sem allt er keypt og selt, og þá öðlumst við jafnt hugrekki og hófsemi sem réttlæti. Yfirleitt er sönn dyggð ávallt reist á skilningi, hvort sem ánægja, ótti og annað því umlíkt á hlut að máli eða ekki. Ef menn skilja þessar tilfinningar frá skilningnum og skipta hverri þeirra fyrir aðra, þá er hætt við að dyggð þeirra verði aðeins skuggamynd og við hæfi þræla einna saman, öldungis óholl og ósönn. Á hinn bóginn er sönn dyggð, hvort heldur hófsemi, réttlæti eða hugrekki, hreinsun af öllum þessum ástríðum og skilningurinn sjálfur hreinsunarmeðalið. Raunar má vel vera, að okkur beri ekki að lítillsvirða þá sem gáfu okkur launhelgarnar, því þeir hafa fyrir löngu gefið okkur hið sama í skyn með því að segja fyrir hvern mann sem kæmi óvígður og vanhelgur í Hadesarheim [í dánarheima], mundu liggja þar í forinni, á meðan hinir vígðu og hreinu myndu búa með guðunum.“<sup>41</sup>

## 1. Inngangur

Platón, lærisveinn Sókratesar, skrifar hér að skilningur sé æðsta markmið mannsins. En hvað knýr áfram þessa eilífu skilningsleit mannsins? Aristóteles, lærisveinn Platóns, taldi að svarsins væri að leita í dýpsta kjarna sjálfrar mennskunnar. Hann taldi að það sem greindi menningu frá dýrunum væri baráttan fyrir því að geta markað eigin stefnu. Slíka ákvörðun, þ.e. um stefnumörkun, tekur þó enginn maður í algjöru myrkri. Þess vegna hefur ljósið orðið að táknmynd sannleikans. Þráin og viljinn til sjálfsákvörðunar knýr okkur áfram í leit að ljósinu. Getur ekki hver og einn maður borið um þetta af eigin reynslu? Erum við ekki tilbúin til að

færa alls konar fórnir í þeim tilgangi að fá að ráða okkur sjálf? Þetta er hið daglega og eilífa verkefni, sem menn vinna að með viljann að vopni.

En viljinn einn dugur skammt. Hver og einn leitar skilnings á sínum forsendum, en til að sú skilningsleit skili árangri þurfum við að geta gert greinarmun á ljósi og villuljósi. Þar leikur sönn menntun lykilhlutverk. Þá er ég að tala um menntun í víðum skilningi uppeldis, tilsagnar, handleiðslu og samræðu, en ekki einvörðungu í þröngum skilningi formlegrar skólagöngu. Í sögulegu samhengi voru það fjölskyldur, söfnuðir, iðngildi o.fl. sem báru uppi menntun einstaklinga, löngu áður en skólakerfi nútímans varð til. Menntun miðar að því að gera mannum kleift að leggja af stað í þessa vegferð á eigin forsendum þannig að hann geti með tíð og tíma, af eigin rammleik, orðið nýtur meðlimur mannlegs samfélags sem kann að sjá sér og sínum farborða.

Nýlega las ég í gegnum dagbækur sem íslenskir bændur skrifuðu frostaveturinn mikla 1918. Þessir menn voru augljóslega vel menntaðir í öllu því sem sneri að búskap og lífsbaráttu þeirrar tíðar á þessum norðurhvara veraldar sem Ísland er. Það er í þessu ljósi fráleit ofureinföldun, ef ekki rangfærsla, að segja þetta fólk hafa verið ómenntað. Það hafði skilning á því að lífsafkoma þess var háð mörgum þáttum og að lífsbaráttuna þurfti að heyja á mörgum ólíkum vígstöðvum samtímis. Menntun í þessum heildræna, klassíska skilningi þjónar samfélaginu. Því ber öllum sem vilja standa vörð um lýðfrelsi, þ.m.t. frelsi til hugsunar og tjáningar, að standa vörð um slíka menntun. Af þessum ástæðum hafa frímúrarar gjarnan komið menntun og lýðræði til varnar, hvar sem því var við komið. Í því samhengi hafa þeir lagt áherslu á að menntun – og þjóðlíf – sé skipulagt af fulltrúum almennings og í þágu almennings.

## 2. Menntun og lýðræði fylgjast að

Menntun á ekki að vera í höndum fámenns hóps sem gæti farið að beita henni í þágu sumra en gegn almenningsi. Slíkt leiðir til stjórnleysis, upplausnar og ófriðar. Menntun má því í þessum skilningi ekki vera þvingandi eða þrúgandi. Hún á ekki að umbreytast í heilabvott. Frammi fyrir þeim djúpstæða vanda sem íslenskt skólakerfi stendur, þar sem stór hluti nemenda getur ekki lesið sér til gagns eftir 10 ára nám og veik staða drengja er sérstakt áhyggjuefni í því sambandi, hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé tímabært að forgangsraða því sem mestu skiptir en láta aukaatriði sæta afgangi. Þannig ber að leggja aðaláherslu á færni í grundvallaratriðum, svo sem eins og lestri, skrift, stærðfræði og náttúruvísindum margs konar. Með slíkan grunn geta nemendur, á eigin forsendum og að eigin frumkvæði, leitað, þroskast, eft þekkingu sína, vitsmuni og gagnrýna hugsun. Frjálsar menntir í þessum skilningi eru undirstaða lýðræðis.

Myrkustu kaflar mannkynsögunnar voru skrifaðir af mönnum sem höfðu haft endaskipti á þeim hlutum sem hér var lýst. Menn virðast þrá einföld svör. Alræðiskenningar bjóða fram slík svör. Þetta birtist t.d. í því hvernig hugmyndfræði alræðis á 20. öld aflaði sér fylgis með ofureinföldunum. Allt miðaði að því að leysa hið flókna samhengi tilverunnar upp í frumeindir, splundra, ala á ótta, veikja mótstöðu og þar með að stjórna. Í þeim anda sagði Hitler um nasistaflokk sinn: „Til að gera baráttuna skiljanlega öllum almenningi verður ávallt að beina henni gegn tveimur óvinum: Gegn einstaklingi [Gyðingnum] og gegn málstað [marxísmannum].“ [Innskot APJ]. Karl Marx og sporgöngumenn hans störfuðu í sama anda, þar sem borgarastéttin var persónugerð sem óvinurinn og kapítalísmannur kennt um allt illt. Í hildarleik síðari heimsstyrjaldar bárust menn á banaspjót á grundvelli

þessarar tvíhyggju. Þegar menn vilja ala á ótta, reiði og hatri með ofureinföldun að vopni verður gagnrýnin hugsun ekki umborin. Gagnrýnin hugsun er á öllum tímum þyrnir í augum þeirra sem telja sig kyndilbera sannleikans/hinnar einu sönnu hugmyndafræði. Efasemdir, spurningar og viðleitni til að skoða mál út frá fleiri hliðum eru þá til óþurftar og trafala, þar sem slíkt hægir á „framförum“ og tefur fyrir því að markmiðunum sé náð. Þannig hvetja alræðisstjórnir í reynd til hugsanaleti og hvetja fólk til að gleypa hrátt það sem að þeim er rétt. Einmitt á þessum forsendum réttlætti arkitektinn Albert Speer þá ákvörðun sína að ganga í Nasistaflokkinn. Það gerði hann með því að afneita eigin fortíð, eigin uppruna og því umhverfi sem hann hafði vaxið upp í. Hann taldi, eftir á að hyggja, að þessa ákvörðun hefði hann í raun tekið á fyrri stigum, nánar tiltekið þegar hann gerði flokkinn að grundvelli eigin tilvistar.<sup>2</sup> Þótt verk Speer beri vott um vismunalega greind viðurkenndi hann í ævisögu sinni að hafa haft tillheingingu til að koma sér hjá því að þurfa að hugsa, sérstaklega um óþægilegar staðreyndir. Þessi hugsanaleti hafi ýtt honum í átt til flokksaðildar. Taldi hann raunar að í þessum efnum hefði hann átt samleið með milljónum annarra. Slík hugsanaleti hafi greitt götu Nasistaflokksins, komið honum á fót og tryggt meðbyr nasistastjórnarinnar. Speer sjálfur taldi að með því að greiða flokksgjaldið mánaðarlega hefði hann leyst sjálfan sig undan öllum pólitískum skyldum.<sup>3</sup>

### 3. Harðstjórn nærast á ótta og sinnuleysi

Enginn þarf að ímynda sér að ógnir þessarar eitruðu blöndu, þ.e. valdafiknar og hugsanaleti, sé minni á þessari öld en þeirri síðustu. Ef lýðræðið á ekki að verða alræði að bráð þurfa borgararnir að veita viðnám. Það gera þeir með því að hugsa sjálfstætt, með því að efast, með því að gagnrýna o.s.frv. Ef frelsið á ekki að umbreytast í ófrelsi þarf einstaklingurinn að líta inn á við í leit að skýrari sjálfsmynd, ekki út á við, eins og Speer lýsti hér að framan. Ef hugsunin á ekki að vera samræmd, stöðluð og fyrirskipuð þarf að hvetja fólk áfram í þessu tilliti og verja tjáningarfrelsið, því án frjálsrar tjáningar

getur hugsunin ekki borið ávöxt. Tjáningin nærir og styrkir hugsunina, bæði hugsun þess sem talar en einnig hugsun móttakandans. Frjáls samfélagsgerð sem treystir borgurinum til að leita sannleikans og taka upplýstar ákvarðanir getur ekki annað en lagt til grundvallar að sannindi afhjúpi ósannindi; að ljósið sé myrkurinu yfirsterkara. Í því tilliti hljótum við að treysta á frjálsa hugsun og frjálsa tjáningu sem virðir siðbundna ramma um gott og illt, tekur mið af reynslu genginna kynslóða, staðreyndum hins efnislega veruleika og gengur ekki í berhögg við lögmál heilnæms mannlífs og/eða hins skapaða heims.

### 4. Heimurinn lýtur þekktum lögmálum

Sannmenntaðir menn vita að heimurinn lýtur óhagganlegum lögmálum, bæði náttúrulegum og siðferðilegum. Enginn brýtur gegn þessum lögmálum án þess að bjóða heim hættu og óförum. Sá sem hefur lært að virða lögmálin sýnir þeim hollustu í orði og verki. Þegar menn gangast þannig á hönd Guði gefnum lögmálum sannleikans, lífsins og fegurðarinnar verður til rammi utan um það frelsi sem maðurinn leyfir sér að gera tilkall til. Mannsæmandi frelsi er nefnilega ekki takmarkalaust. Tryggð við hið góða, sanna, hreina og fagra gefur lífinu gildi. Þetta vekur hjá okkur löngun til að lifa vel; til að lifa fögru lífi. Til að verja æðstu siðrænu viðmið og standa vörð um eigin sálarheill gagnvart óheilnæmum og mögulega skaðlegum áhrifum í umheiminum.

Fyrir þá sem vilja glöggva sig á þessum lögmálum er enginn leiðarvísir betri en Biblían, heilög ritning. Hún hefur verið veigamikil handbók siðmenningarinnar og leiðarvísir um farsælt líf í handleiðslu Guðs, þess Guðs sem skapað hefur mennina af kæruleika og vill að við séum farvegur þeirrar gjafar í orði og verki, gagnvart okkur sjálfum og náunganum. Slík trú leggur okkur á herðar ýmsar skyldur og verkefni, svo sem yfirvegun, auðmýkt, hófstillingu, miskunnsemi o.fl. En hún veitir okkur jafnframt styrk í daglegu lífi og haldreipi vonar. Hún er okkur stöðug uppspretta ígrundunar, hugrekksis, vonar og huggunar. Allt þetta hefur frímúrarastarfið staðið vörð um og fóstað. Við erum samverkamenn

hins hæsta í því að fegra og bæta mannlífið. Við trúum því að Guð sé góður, að sálin sé eilíf og að lífið sé dýrmætt. Guð, sem skapað hefur manninn í sinni mynd, vill ekki að nokkur sála tortímist.

Er hægt að veita haldgóða menntun í þessum skilningi án þess að kenna fólk að þekkja Guð, bera lotningu fyrir honum og virða lífið sem hann hefur skapað, þ.e. óttast Guð?<sup>4</sup> Fyrsta boðorðið minnir á þetta, þ.e. hvert segulnál samviskunnar, hins manlegs áttavita, á að beinast. Reynsla 20. aldar er að guðlaus alræðisríki umbreyttu menntun í heilabvott og settu flokksræði, foringjadyrkun og manngerða, pólitíska hugmyndafræði á guðlegan stall sem kölluðu óumræðilegar hörmungar yfir þeirra eigin þegna og aðrar þjóðir. Þessi staðreynd varpar löngum skugga yfir tilburði í átt til öfugsnúnings alls þess sem raunveruleg menntun á að næra og vernda, sem er sjálf mannskan sem rætt var um hér í upphafi: Frjáls og óþvinguð leit mannsins að ljósi og sannleika.

### 5. Kyndilberi lýðræðis í 300 ár

Nútímafrímúrarastarf kom fram á sjónarsviðið í Englandi árið 1717, í tíðaranda og menningu þar sem stétt og staða var ekki aðeins niðurnjörvuð, heldur ákvarðandi þáttur fyrir lífshlaup alls meginþorra almennings. Þjóðfélög 18. aldar höfðu ímígust á tali um lýðræði og sjálfsákvörðunarrétti. Í þessu umhverfi voru frímúrarastúkur eins og vin í eyðimörkinni. Þar hittast fulltrúar allra stétta á jafnræðisgrunni. Þar eru menn kosnir til embætta með lýðræðislegum hætti. Í sögulegu samhengi má á þessum vettvangi finna ótal dæmi þess að forsetar, ráðherrar, embættismenn og jafnvel konungbornir menn líti fundarstjórn og leiðsögn almennra borgara.

Frímúrarastarf byggir á fastmótuum siðrænum grunni. Frímúrarareglur í hverju landi skuldbinda sig til að lúta stjórn lögmætra og réttkjörinna yfirvalda, auk þess að vinna að því að efla ábyrgð, góðvild og bróðurþel meðal allra manna. Í frímúrarastarfinu eru menn hvattir til sjálfstæðrar hugsunar og tjáningar á siðrænum grunni. 300 ára saga frímúrarastarfs ber þessu vitni. Á ögurstundum í sögu lýðræðisbaráttu víða um heim hafa frímúrarar skipað sér í



fremstu röð talsmanna og varðmanna lýðræðisins. Af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá.

Heilnæm trúarbrögð miða að því að binda/tengja mennina aftur (lat. re-ligare) við höfund ljóss og lífs. Að baki hinum trúarlegu sögum og goðsögnum sem fylgt hafa mannkyni frá örófi býr oft dýpri veruleiki sem opnast þeim sem leita skilnings. Mælikvarðar nútímans miðast á hinn bóginn fyrst og fremst við líðandi stund: það eina sem skiptir máli er það sem gerist nú og í náinni framtíð. Frímúrarinn lærir að skoða það sem gerist í samhengi eilífðarinnar. Slík lífs-sýn hefur áhrif á öll viðmið. Hið lítilfjörlega og hégómlega verður smátt. Hið göfuga og verðmæta skín skærar. Frímúrararfræðin leggja til grundvallar, eins og kristin trú gerir, að kjarni sálarinnar sé hreinn og tær og að enginn hafi gert okkur að „dómurum eða skiptastjórum“<sup>5</sup> í því samhengi. Sömuleiðis er starfið byggt á von og trú á annað líf sem taki við handan þessa lífs. Allt er þetta hafið yfir kreddur og kennisetningar. Sannleikurinn verður ekki höndlaður nema með innri skilningi, ekki greindur nema með innra auga. Sannleiksleitinn er hið eilífa verkefni frímúrarastarfs. Á framangreindum grundvelli hafa frímúrarar alla tíð lagt áherslu á að menntun minni á að við erum öll bræður og systur. Samhliða hafa frímúrarar beitt sér gegn and-félagslegum áherslum í menntun sem dregur fólk í dilka, kyndir undir gremju, hvetur til ófriðar eða etur fólki hvert gegn öðru.

Í þessu ljósi þarf söguleg vengni frímúrarastarfs í frjálsum lýðræðisríkjum ekki að koma á óvart. Um leið blasir við ástæða þess að slíkt starf er kæft í alræðisríkjum, sbr. sögu um ofsóknir sem frímúrarar sættu í Þýskalandi Hitlers, Sovétríkjum Stalíns og Ítalíu undir stjórn Mussolinis. Ofríkismenn, harðstjórar, einræðisherrar og alræðisstjórnir hafa samkvæmt þessu fulla ástæðu til að hatast við frímúrarastarf. Frímúrarar um víða veröld byggja starf sitt á guðstrú og góðum síðum. Þeir leitast við að byggja upp góða og upp-rétta menn, sem leggja sig fram um velvild, ganga út frá því að allir séu jafnir fyrir Guði, verja hugsana-, samvisku- og málfrelsi, og sýna hjálpsemi í verki. Allt er þetta eitruð í beinum þeirra sem gera tilkall til alræðis-

valds. Mikilvægi sannrar menntunar verður ekki vanmetið í þessu samhengi.

## 6. Gjör rétt – þol ei órétt

Frímúrararfræðin hefst í vissri óvissu, en hún boðar leitandanum ljós við enda vegferðarinnar. Frímúrarastarfið beinir þeim í rétta átt sem sýna vilja til að leggja út á braut sannleiksleitarinnar. En frímúrarinn leitar ekki einungis að ljósi og sannleika. Hann skuldbindur sig til að bera ljósinu og sannleikanum vitni í orði og verki. Skuldbinding hans er því fremur lóðrétt en lárétt, táknrænt talað, því elskan til náungans byggist á elskunni til Guðs. Með því gerist frímúrarinn samverkamaður Guðs. Hann gæti gert hin fyrstu orð að einkunnarorðum sínum: „Verði ljós“. Þegar lokatakmarkinu er náð gæti viðkomandi sagt að hann væri orðinn frjáls maður. Hann gæti sagt að hann hafni áreynsluleysi og værd. Að hann kjósi að vinna og erfða í þágu hins fagra, góða og sanna. Sá sem tekið hefur þessari áskorun hefur lagt af stað í vegferð þar sem hann skynjar að hann hefur ekki lengur val. Okkur beri að velja hið góða en hafna hinu illa, velja rétt en ekki rangt, velja ljós en ekki myrkur. Sá sem lagt hefur af stað í þessa vegferð tekst á herðar verkefni sem leysir hann undan ótta við aðra menn. Hann biður þess að reynast trúr yfir því sem honum hefur verið falið að gæta. Hann biður Guð að veita sér skilning og samlíðan með lítilmagnanum. Hann óskar þess að geta lagst á árarnar með hinum sterku í þágu þeirra sem minna mega sín. Hann bægir frá sér hégóma, forheimskun og leti. Hann felur Drottinn vegu sína og biður um visku og styrk til að feta rétta braut, þar sem fremur en horft á það sem vel er gert en það sem miður fer.

Nú á tímum, þar sem upplýsingar má finna á prenti og stafrænu formi nánast fyrirhafnarlaust, geta menn ekki afsakað fáfræði og vanþekkingu með tímaskorti. Fávíska stafar aðallega af því að menn hafi kosið að loka huga sínum. En jafnvel myrkið getur ekki kæft vöxt frækornsins í átt til ljóssins. Nýjar rannsóknir benda til að allt sem lifir geymi ljósneista. Frækornið brýst í gegnum jarðneskt myrkur í krafti þessa innra ljóss/innri krafts sem það geymir. Af þessu má leiða að flest undir sólinni leiti

samhljóms við hinn hæsta. En aflgjafi sannleiksleitar og baráttu hins góða er vonin og þráin eftir hinu góða og sanna.

## 7. Lokaorð

Kæri lesandi. Ekkert af þessu er nóg ef ekki má sjá af verkum okkar að við erum frímúrarar. Starf frímúrarans beinist vissulega inn á við, en það á líka að sjást hið ytra. Í veröldinni þarf að heyja stöðuga varnarbaráttu fyrir frjálsum og heilbrigðu samfélagi, þar sem menn eru kallaðir til að leita sannleikans í þeim skilningi sem hér hefur verið til umræðu. Markmiði frímúrarastarfs um jafnrétti verður ekki náð í þjóðfélagi sem grundvallast á mismunum, klíkuræði, fámennisstjórn eða kúgun. Hugsjónin um frelsi verður ekki varin í samfélagi sem kys ekki fulltrúa á eigið löggjafarþing og á þannig ekki hlutdeild í þeim lögum sem sett eru, lögum sem eiga að ná jafnt til allra og er beitt af mönnum sem svara til ábyrgðar gagnvart kjósendum. En sagan sýnir að annars konar stjórnarfar, hvers eðlis sem það er, virðir ekki borgaralegt frelsi til lengdar.

EKKI VEIT ÉG HVORT HANNES HAFSTEIN ÁTTI EINHVER TENGSL VIÐ FRÍMÚRARASTARFIÐ EN ÞETTA ERINDI KEMUR UPP Í HUGANN Í ÞVI SAMHENGI SEM HÉR UM RÆÐIR. ÉG GERI ORÐ SKÁLDSINS AÐ LOKAORÐUM ÞESSARAR GREINAR.

Starfið er margt, en eitt er bræðra bandið,  
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,  
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,  
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.

(Hannes Hafstein,  
Aldamóttin, 13. erindi)

### Heimildir:

- 1 Platón, Síðustu dagar Sókratesar (Þýð. Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason), Hið íslenska bókmenntafélag (2011), 118-119.
- 2 Albert Speer, Inside the Third Reich (Simon & Schuster 1970), bls. 20.
- 3 Sama heimild.
- 4 „Að óttast Drottinn er upphaf þekkingar“ (Orðskviðirnir 1:7).
- 5 Sjá Lúkas 12:14.



:: NIKE GOLF 

NIKE GOLFPÖRURNAR FÁST Í H VERSLUN OG Á HVERSLUN.IS





Ljósmynd Guðbrandur Magnússon

*Eyþór Stefánsson að versla í gömlu Gránu á Sauðárkróki. Hann var ætíð virðulegur í fasi og uppáklæddur. Helga Haraldsdóttir afgreiðir tónskáldið.*

# Eyþór Stefánsson – tónskáldið í Fögruhlíð

Eitt hundrað og tuttugu ár eru nú frá fæðingu Eyþórs Stefánssonar – tónskáldsins í Fögruhlíð.

Eyþór Stefánsson fæddist á Sauðárkróki 23. janúar 1901 og lést á Sjúkrahúsi Sauðárkróks 3. nóvember 1999, 98 ára að aldri. Eiginkona hans var Sigríður Anna Stefánsdóttir sem fæddist 29. september 1905 og lést 20. júní 1992.

Um Sigríði eiginkonu sína sagði Eyþór á átttræðisafmæli sínu að honum hefði hlotnast það happ að hafa eiginkonu við hlið sér öll þau ár sem mest á reið:

„Konan mín stóð mér aldrei að baki,“ sagði hann, „hún stóð ætíð við hlið mér í öllum mínum störfum og studdi mig með ráðum og dáð alla tíð.“

Faðir Eyþórs hét Stefán Sigurðsson og móðir hans hét Guðrún Jónasdóttir, þau voru systkinabörn, af svokallaðri Borgarætt í Skagafirði.

Eyþór var í barnaskóla og unglingaskóla á Krókum/Sauðárkróki og

lærði að synða í sundpollinum í Sauðárgröllu.

Sökum fátæktar og annarra aðstæðna átti Eyþór engan kost á að afla sér frekari menntunar, fyrr en veturinn 1928, að hann nam tónlist og leiklist í Reykjavík. Árið 1934 lá leið Eyþórs til Þýskalands til að læra tónlist, leiklist og „myndlist“.

Eyþór Stefánsson hóf að semja tónlist rúmlega tvítugur. Hann hefur samið um 70 sönglög og aðra tónlist af ýmsu tagi. Hjá Ríkisútvarpinu eru skráðar yfir 200 upptökur að lögum hans.

Eyþór var frímúrari og einn af stofnendum fræðslustúkunnar Mælifells á Sauðárkróki og gegndi þar embættum. Hann starfaði innan vébanda St. Jóh.st. Rúnar á Akureyri og samdi stúkulag Rúnar. Meðmælendur hans voru Ingimundur Árnason og Friðrik J. Rafnar. Eyþór gekk í Regluna 1952 og hlaut IX. gráðu 1981.

Árið 1941 tókst Eyþóri og félögum

að stofna nýtt leikfélag á Króknum, sem þó má segja að sé endurvakning Leikfélags Sauðárkróks, sem var stofnað 13. apríl 1888.

Eyþór var afburða upplesari og hafði hljómfagra rödd. Hann lék og leikstýrði fjölda verka til ársins 1976 er hann steig síðast á svið en þá hafði hann leikið 118 hlutverk fyrir Leikfélag Sauðárkróks.

Eyþór var á langri ævi einn helsti menningarfrömuður Sauðkrækinga og Skagfirðinga allra og var sýndur margháttaður sómi um ævina. Hann var heiðursborgari Sauðárkróks og var heiðursfélagi í mörgum félögum á Sauðárkróki og í Tónskáldafélaginu. Hann var sæmdur gullmerki Félags íslenskra leikara og Stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín að menningarmálum á Sauðárkróki.

*Steinn Káráson*



**EIRVÍK**



Töfrar eldamennskunnar byrja með Eirvík

Suðurlandsbraut 20 / 108 Reykjavík / 588 0200 / eirvik.is.







*John Snorri og kona hans, Lína Móey Bjarnadóttir.*

## Minningarathöfn um John Snorra

Minningarathöfn um hátt.l. bróður John Snorra Sigurjónsson var haldin við Vífilsstaðavatn þriðjudaginn 2. mars sl., en síðast heyrðist frá bróður John Snorra þann 5. janúar þegar hann freistaði þess að ná tindi næst hæsta fjalls heims, K2, ásamt félögum sínum Muhamed Ali Sadpara og Juan Pablo Mohr. Ekkert hefur spurst til þeirra eftir það og leit ekki borið árangur. Á sérstakri facebook-síðu til minningar um John Snorra segir um athöfnina sem fjölskylda hans og nánir vinir stóðu fyrir:

„Okkur langar að koma saman, tendra ljós og hugsa til Johns Snorra og biðja fyrir honum, Ali og Juan Pablo. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir mun leiða bænastund. Við viljum líka hvetja alla sem ekki eiga heimanengt að taka þátt með því að tendra ljós hjá sér og deila með okkur hér á viðburðinum. John á vini og vanda menn um allan heim og með þessum hætti getum við sameinast. ... Að lokinni bæn og kveðju frá fjölskyldu viljum við biðja þátttakendur að mynda ljósahring í kringum vatnið.“



Ljósmynd: Sigurður Júlíusson

*Ljósahringur var genginn kringum Vífilsstaðavatn í minningu Johns Snorra.*



„Fjárhirslan“, höggvin í stein í Petru í Jórdaníu.

# Forn-Egyptskar rætur Biblíunnar

Það virðist vera sammanleg þörf að vilja varðveita hið liðna, segja sögu hins liðna. Við Íslendingar erum þar sannarlega ekki undanþegnir. Hér á landi hefur fortíðin alla tíð mótað og haft áhrif á nútíðina. Frásagnir Íslendingasagnanna og annarra rita fornaldararinnar hafa mótað okkur og menningu okkar. Og hér á landi er ættfræðin einnig í hávegum höfð. Þegar Íslendingar sem ekki þekkjast fyrir hittast er alltaf byrjað á því að spyrja, „hvaðan ertu og hverra manna ertu“? Og svo rekjum við okkur saman með sögu okkar, gegnum vini og staði og ætt og reynslu.

Þessi þörf okkar manna fyrir að segja sögu okkar virðist aldrei vera sterkari en þegar við stöndum andspænis miklum breytingum, óvæntum tímamótum, eða þegar allt það sem við þekkjum eða teljum okkur þekkja er að hverfa. Það er gjarnan sagt að sigurvegarinn skrifi söguna. Og það má til sanns vegar færa. Þegar við lesum um átök og styrjaldir fortíðarinnar, þá eru það yfirlétt sigurvegararnir sem segja frá og við fáum aðeins þeirra hlið á mál-

inu. Egyptskar faraóar til forna létu gjarnan afmá öll minnismarki um fyrri faraóa til að upphefja sjálfa sig. Þegar keisaraskipti urðu tíð í henni Róm á tímum Rómaveldis, datt mönnum í hug að skipta einfaldlega um hausem á styttnum keisarans þegar nýr tók við völdum. Nýr keisari, nýr hausem. Það sparaði styttnugerð og sá gamli gleymdist strax.

## Sagnfræði sigurvegaranna

Við sjáum dæmi um þessa ritþörf sigurvegaranna á okkar tímum. Winston Churchill forsætisráðherra Bretala í síðari heimsstyrjöldinni, skrifaði í kjölfar stríðsins bókaröð með sama heiti og síðar lauk hann bókaröðinni „The history of the English Speaking People“ sem lýsir sögu hins enskumælandi menningarheims, og Bretaveldis, sem baráttu riddara ljóssins gegn myrkrinu í heiminum. En þegar sú bókaröð kom út var söl Bretaveldis tekin að hníga til viðar.

En svo má heldur ekki gleyma því að söguskrif geta líka orðið leið þeirra sem tapa til að segja sína hlið á atburðunum, eða til að gera upp við for-

tíðina. Þannig var til dæmis bók Stefan Zweig „Veröld sem var“ er út kom í Stokkhólmi 1942. Hún lýsir veröld Evrópu á tímum Habsborgara í keisaradæminu Austurríki-Ungverjalandi, fyrir fyrri heimsstyrjöldina. Þá ríkti bjartsýni um alla álfu, samskipti voru mikil þvert á landamæri og auðveld milli landa og menningin blómstraði í formi bókmennta, tónlistar, myndlistar, heimspeki og uppfinninga. Auðvitað á kostnað hinna kúguðu og fátæku og nýlendanna. En sú veröld Evrópu sem var hvarf með öllu í blóði heimsstyrjaldanna tveggja.

Eitt elsta þekktu ritverkið sem var skrifað til þess að segja sögu hins liðna var ritað um 400 fyrir Krist. Þar var á ferð grískur sagnaþulur sem síðar hefur verið titlaður faðir sagnfræðinnar, Herodotos að nafni. Ritaði hann bók sína Historia sem rekur átök Grikkja og Persa hundrað árum fyrir. Markmið höfundar er að skrifa til þess að koma í veg fyrir að spor forfeðranna máist út. Og síðar hafa margir sagnfræðingar haft það að leiðarljósi. Áður en Herodotos lagði



grunninn að sagnfæðinni var auðvitað hægt að lesa í fortíðina út frá vegsummerkjum greyptum í stein. Og áður en menn fóru að byggja og skilja eftir sig rústir og minnismarki, voru það menjar um trúaratferli sem sögðu sína sögu; eins og hellamálverk steinaldarmanna. Við vitum ekkert hverjir þeir voru sem máluðu á hellana um alla Evrópu, en myndirnar þeirra segja sögur sem teygja sig tugþúsundir ára aftur í tímann. Eldri myndlistinni og listaverkum eru grafreitir sem geyma bein og leifar. Og eldra öllu þessu eru mýtur, helgisögur trúarbragðanna. Sögurnar sem menn sögðu hver öðrum og nýjum kynslóðum, um guðina og goðin og goðmöggnin. Og blönduðu saman við munnmælasögur og ævintýr, drauma og sýnir. Þær sögur eru í grunninn jafn gamlar mannkyninu og sameiginlegur arfur. Eins og sagan um Nóaflóðið sem er til í einhverri mynd um víða veröld.

### Horfinn heimur

Biblían og sérstaklega Gamla testamentið vill líka segja okkur sögu. En lýsir hún raunverulegum atburðum? Markmið sagnfræðinnar er að segja okkur sögu hins liðna út frá heimildum. Hvar eru heimildir Biblíunnar? Voru þau til Abraham, Sara, Ísak, Jakob, Jósef, Móse, Sál, Davíð og Salómon og öll hin? Eða eru frásagnir Biblíunnar af ferðum þeirra ef til vill aðeins skáldskapur? Hvergi er sagt frá þeim utan Biblíunnar. Er einhversstaðar að finna eitthvað í heimildum fornaldarinnar sem styður sögur Biblíunnar? Því neita margir og segja sem svo að öll hennar saga sé mýta, helgisaga, sem ekki eigi við raunverulega atburði að styðjast.

Við hlið sagna Gamla testamentisins og vafðar inn í þær eru sögur og sagnir margra fornþjóða við botn Miðjarðarhafsins sem spegla sögu Gamla testamentisins og styðja frásagnir þess. Þar með talin er saga Egyptalands faraóanna. Þetta er ævafor saga er teygir sig meira en 5000 ár aftur í tímann. Saga sem hefur skilið eftir sig stórkostlegar minjar og byggingar en er um leið svo dularfull og óskiljanleg. Eins og lokuð bók þeim sem ber hana augum í fyrsta sinn. Hún er horfinn heimur, sem er jafn óskiljanlegur okkur núlifandi mönnum eins og heimur risaeðlanna. Ég gleymi því aldrei þegar ég fyrst

skreidd á fjórum fótum inn í Keopspýramíðann mikla við Kaíró. Tilfinningin fyrir því að standa inni í rými sem var hannað fyrir um 5000 árum var ólýsanleg. Eða þegar ég kom að fyrsta raunverulega pýramíðanum sem reistur var og stendur í Saqqar í Egyptalandi. Og að hugsa sér að vitað er hver var arkitekt hans. Imhotep hét hann. Svona vel skráðu Egyptar sögu sína. En sagan sem þeir skráðu var rituð á hýróglífur, myndletur, sem svo lengi var ómögulegt að lesa, dautt tungumál sem enginn skildi.

### Dularfullar hýróglífur

Ég hef einnig oft hugsað til þessa þegar ég hef verið á ferð í Rómaborg. Þar er að finna risavaxna egyptska einsteinunga á torgum víða um borgina, einsteinunga sem Rómverjar stálu á sínum tíma og fluttu yfir hafið. Einsteinungarnir eru allir skreyttir hýróglífum og lítið er vitað um hvað margir þeirra vilja segja okkur. Þannig standa þeir, á torgum iðandi stórborgarinnar, berandi boð til guða og manna sem hafa verið horfin og gleymd í allt að 5000 ár. Krýndir krossum kristinnar sem er síðari tíma fyrirbæri – ef miðað er við sögu Egypta. Á dögum Jesú voru pýramíðarnir jafn fornir og sérstakir eins og Kólóseum er í okkar augum í dag.

Lengi var ekkert vitað um þessa dularfullu menningu, nema það sem hægt var að lesa sér til um í skrifum gríska sagnamannsins Manetho er uppi var á annarri öld fyrir Krist og safnaði í eitt verk sögu hins forna Egyptalands. Og ekki einu sinni hans rit eru til í frumútgáfu, ekki nema sem afrit. Hann gat lesið hýróglífurnar. En svo tapaðist sú list, bókin hans brann þegar Júlíus Sesar kveikti í bóksafninu mikla í Alexandríu um 50 árum áður en Jesús fæddist – og í 2000 ár þöggðu hinir fornu textar sem enginn gat lesið. Alexander mikli stofnaði Alexandríu þegar hann lagði Egyptaland undir veldi sitt árið 332 fyrir Krist. Eftir að hann féll frá skiptist hið mikla veldi hans milli helstu hershöfðingja hans. Það náði frá Makedóníu til Egyptalands og áfram að landamærum Indlands. Svokallaðir Ptolomear tóku völdin í Egyptalandi og ríktu síðan þar sem grísk yfirstétt, allt þangað til landið féll undir Rómaveldi nokkrum áratugum fyrir fæðingu Jesú. Þannig var

Kleópatra hin fagra ekki egyptsk eins og margir halda, heldur grísk og talaði grísku.

### Alexandría mesta menningarborg fornaldar

Hvað um það. Ptolomear gerðu Alexandríu að einni mestu menningarborg fornaldarinnar. Þar var að finna tvö af sjö undrum veraldarinnar til forna, bókasafnið mikla og vitann í hafnarmynninu. Þar var Gamla testamentið þýtt úr hebresku yfir á grísku að boði konungs, enda fjölmargir gyðingar búandi í Alexandríu á öldum fyrr. Ptolomear lögðu áherslu á það að safna skyldi eintökum af öllum bókum veraldarinnar í safn borgarinnar og taldi það óteljandi eintök papýrusrita, allt að 500.000 bækur hafa verið nefndar. Þar á meðal örugglega Egyptalandssaga Manetho. Því er gjarnan haldið fram að arabar hafi kveikt í safninu þegar herir Múhammeds tóku landið kringum árið 640 e.Kr. En það var sem sagt Júlíus Sesar karlinn sem gerði það. Reyndar óvart. Hann hafði fallið fyrir Kleópötru drottningu eins og frægt er. Hann hét henni liðveislu í valdabaráttu hennar gegn bróður sínum. Í orrustu um Alexandríu árið 47 fyrir Krist lét Sesar kveikja í öllum skipum í höfninni til að ná yfirhöndinni í borginni. Eldurinn barst í safnið og stór hluti þess brann. En þrátt fyrir að allar bækur þess séu horfnar, má enn finna sumar á víð og dreif í afriti í hinum ýmsu ritum fornaldarinnar sem hafa lifað af tímans tönn. Og þar á meðal, og hoggnar í stein í sandinum í Egyptalandi, er að finna ómetanlegar heimildir um frásagnir Biblíunnar.

### Heimildagildi Biblíunnar

Það er reyndar erfitt að segja hvenær nákvæmlega saga Egypta og Ísraels tengjast. Það er nefnilega alveg rétt, að það eru engar heimildir til utan Biblíunnar um þau Abraham, Söru, Ísak, Ísmael, Jakob, Jósef, Móse, Davíð, Sál eða Salómon. Hvað þá heldur sögulegar frásagnir Mósebókanna af flóttanum frá Egyptalandi, göngunni í gegnum Rauða hafið, innrásinni í Landið helga, og átökunum við Filistea. Sem þýðir ekki sjálfkrafa að þau hafi ekki verið til og allt þetta hafi ekki gerst. Ótrúlega lítið af rituðum heimildum hefur varðveist frá þessum öldum. Þannig

er öll saga fyrstu 12 rómversku keisaranna aðeins geymd í einni bók frá byrjun annarrar aldar eftir Gaius Suetonius Tranquillus. Elsta varðveitta handritið af henni er frá 8. öld.

Til að leita svara við spurningum um heimildagildi Biblíunnar, verðum við fyrst að horfa austur fyrir eyðimörkina miklu sem skilur að Ísrael og Persaflóa. Þar ríkti annað mikið stórveldi fornaldarinnar sem mótaði sögur Biblíunnar rétt eins og Egyptaland. Það var stórveldi Assyríumanna og Súmera. Það mikla heimsveldi reis og hneig og átti sér mörg birtingarform og heiti, en var til í einni eða annarri mynd allt frá árinu 2000 fyrir okkar tímatal og fram að árinu 605 fyrir Krist.

### Vitringarnir frá Austurlöndum

Assýringar voru herveldi og í raun miklu hernaðarsinnaðri en Egyptar nokkurn tíma. Annað heiti þessa landsvæðis er þeir ríktu yfir er Mesópótamía á grísku, eða landið milli fljótanna. Fljótin sem hér um ræðir eru Efrat og Tígris. Þar byrjuðu menn snemma að rækta landið, byggja borgir, setja lög og mynda borgríki. Assyríumenn voru ekki aðeins fræknir og miskunnarlausir hermenn. Þeir voru líka dugmiklir stjórnendur. Þeir komu á fót miklu skrifræði. Og þeir héldu skrá yfir ekki aðeins skatta og skyldur, heldur líka orrustur, sóknir og sigra. Eitt af því sem þeir gerðu var að halda annála yfir atburði ársins. Annálarnir fengu síðan heiti eftir stjórnanda nýárshátíðar hvers árs. Og árið var nefnt í höfuðið á honum. En árið tengdist gangi himintunglanna og voru Assyríumenn miklir stjórnufræðingar. Vitringarnir frá Austurlöndum í fæðingarsögu Jesú voru einmitt Assyríumenn. Þannig getum við auðveldlega, út frá þessum annálum og stjórnufræðinni, rakið hvaða ár hvaða stjórnandi sat við völd og hvað gerðist þá í ríkinu. Og tímasett atburði sem sagt er frá í annálunum hvar sem þeir gerðust.

Hvernig kemur þetta heimildargildi Biblíunnar við? Jú, nú fer þetta að verða spennandi. Það er nefnilega þannig að á árinu „Daian-Assur“, sem er árið 853 fyrir Krist – háði Salm-anassar III konungur Assýringa mikla orrustu við Karkar, sem var kastali í norðurhluta þess sem nú er kallað Sýrland. Þar börðust herdeild-



*Gullna moskan á musterishæðinni í Jerúsalem.*

ir hans við sameinaðan her ellefu konunga sem höfðu smalað liði til að stoppa framrás Assyríumanna niður á sléttur Sýrlands, Líbanons og Ísraels. Dulítið eins og sena úr Hringadrottinssögu. Þar sem Sauron sigrar! Nema hvað. Einn þessara konunga hét „Ahabbu Sirilaa“. Hafði hann meðferðis til orrustunnar 10.000 hermenn. Allt er þetta samviskusamlega skráð á steinplötur sem fundust í tyrkneska hluta Kúrdistan árið 1861. Ahabbu Sirilaa er öðru nafni Ahab frá Ísrael. Á öðrum einsteinungi sem fannst þar sem nú er Írak, segir frá því að hinn sami Salmanassar III hafi á sínu 18. stjórnarári, sem var árið 841 f. Kr. tekið á móti gjöfum frá konungi sem hét „Iaua mar Huumri“ eða öðru nafni „Jehu konungur af ætt Omri“.

Bæði Jehu og Omri voru konungar í Ísrael og frá þeim og þeirra sögu segir í Biblíunni.

Þarna eru þá komnar kyrfilegar heimildir utan Biblíunnar um konunga Ísraels hins forna til allt frá því á áttundu öld f.Kr.

Svo nú getum við leikið okkur að því að búa til reiknidæmi. Gamla testamentið segir sögu ísraelsku konunganna frá Sál, Davíð og Salómon. Nú höfum við nákvæma heimild frá Assýríu, upp á dag, hvenær orustan við Karkar átti sér stað eins og ég sagði frá hér fyrr. Það var árið 853 f.Kr og það ár var einnig síðasta

stjórnarár Ahabs konungs í Ísrael sem tók þátt í orrustunni. Með sínum 10.000 hermönnum. Og tapaði. Svo er bara að reikna afturábak frá 853, mínus stjórnarár Ahabs, mínus stjórnarár þeirra konunga sem komu á undan honum samkvæmt Konungabókum og Krönikubókunum í Gamla testamentinu og til Salómons konungs. Og þá fáum við út að stjórnartíð Salómons konungs hafi verið árin 970 til 931 f.Kr og að á þeim árum hafi musteríð mikla verið byggt. Gamla testamentið segir að hafist hafi verið handa um að reisa það á „fjórða stjórnarári Salómons konungs“, sem er þá árið 966 f.Kr. Síðar segir að það hafi verið 480 árum eftir að Ísraelsmenn héldu burt úr Egyptalandi.

Eða með öðrum orðum, flótti Ísraelsmanna frá Egyptalandi hófst árið 1446 f.Kr. En fjölskylda Jósefs kom til Egyptalands 430 árum fyrir það, segir Gamla testamentið, eða árið 1876 fyrir Krist. Sem er einmitt um það leyti sem hirðingjar frá Asíu koma yfir eyðimörkina að herja á Egyptaland og leggja það undir sig samkvæmt egyptskum heimildum.

Og spennan magnast!

### Bylting í Egyptalandi

Um hundrað árum fyrir flóttann mikla sem segir frá í annarri Mósebók, árið 1353 fyrir Krist, varð bylting í Egyptalandi hinu forna. Þá tók við veldissprotanum í hinu mikla ríki





Úr gröf faraóa í Dal konunganna í Egyptalandi.

Amenhotep IV faraó. Faðir hans, Amenhotep III, hafði verið sigursæll hershöfðingi sem treysti landamæri ríkisins í austri og efldi hinn forna átrúnað Egypta. Enn í dag má finna stórkostleg minnismerki sem hann lét gera og sem segja frægðarsögu hans.

Amenhotep IV var aftur á móti óþekktur með öllu þar til fyrir einum 200 árum. Það var eins og hann hefði aldrei verið til! Öll ummerki um hann höfðu nefnilega verið fjarlægð af síðari tíma valdhöfum. Amenhotep IV var öllum gleymdur þar til er hinn breski fornleifafræðingur John Gardner Wilkinson fyrir tilviljun gróf upp höfuðborg hans árið 1824. Þá kom í ljós ótrúleg saga.

Á fimmta stjórnarári Amenhotep IV hafði hann látið banna átrúnað á alla hina fjölmörgu guði Egyptalands. Í stað þeirra skyldu Egyptar tilbiðja aðeins einn guð, sólina, eða Aton eins og sólarguðinn hét. Og ekki nóg með það. Aðrir guðir voru hreinlega ekki til, sagði Amenhotep IV. Þetta var með öðrum orðum ströng eingyðistrú sem hann boðaði, – eins og gyðingdómur, kristni og íslam síðar áttu eftir að verða.

Menn höfðu aldrei heyrt annað eins!

Mustumurum guða um allt Egyptaland var lokað í kjölfarið. Prestum var sagt upp. Og sjálfur breytti faraóinn nafni sínu úr Amenhotep IV, sem þýðir „(guðinn) Amon er ánægður“, í

Akhenaton, sem merkir „(guðinum) Aton til dýrðar“. Auk þess lét hann byggja sér og Aton nýja höfuðborg. Borgin fékk nafnið Akhetaton, „Sjóndeildarhringur Atons“. Vegna alls þessa hefur Akhenaton stundum verið kallaður fyrsti spámaður eingyðistrúarinnar, það er trúarinnar á að aðeins einn guð sé til.

Enginn veit hvers vegna Akhenaton hóf þessa byltingu. Eða hvaðan hann fékk hugmyndina. Eitt er víst að eftir að hann féll frá var allt afmáð sem hann hafði boðað. Sonur Akhenatons, Tutankaton, er tók við sem barn af föður sínum, var algerlega á valdi presta gömlu guðanna og dó ungur. Stuttu eftir að hann settist að völdum breyttu prestarnir nafni hans í „Tutankhamon“. Og hann endurreisti tilbeiðslu gömlu guðanna að kröfu presta og yfirstéttarinnar. En Akhenaton IV og guðinn hans og trúboð hans og borgin hans gleymdust og grófust í sandinn í 3000 ár.

Eða hvað?

### Spámaðurinn Móses

Um 100 árum eftir Akhenaton féll frá, hélt annar spámaður með Ísraelsþjóðina út úr Egyptalandi undir merkjum hins eina guðs, ef marka má sögur Gamla testamentisins. Þessi spámaður bar egypskt nafn og hét Móses.

Tilviljun?

Margt er líkt með eingyðistrú Akhenatons og Móse. Og gleymum ekki Sáttmálaörkinni. Sáttmálaörkin var samkvæmt Gamla Testamentinu einskonar kista sem Ísraelsmenn höfðu meðferðis á eyðimerkurgöngunni frá Egyptalandi til Landsins helga. Móses lét smíða hana samkvæmt teikningu frá almættinu. Teikningunni er lýst í annarri Mósebók. Mætti hugsa sér að hinn egypski Móses hafi haft teikninguna af Sáttmálaörkinni með sér frá Egyptalandi? Sú hugmynd var sett fram í bókinni „The Sign and the Seal“ eftir Graham Hancock. Bendi ég sérstaklega á hana hér því mér er ekki kunnugt um að hún né rannsókn á henni hafi verið rædd hér á landi. Ég hef reyndar sagt frá þessari bók fyrr í eldri bókum mínum, en góð vísa er sjaldan of oft kveðin. Og hún á sérstaklega við frásögn okkar. Örkinni var komið fyrir í samkomutjaldinu þegar því var slegið upp til helgihalds á ferð Ísraelsmanna. Í örkinni voru geymdar sáttmálatöflurnar sem Guð hafði afhent, jú einmitt, Móse, og bjó örkin yfir miklum krafti ef marka má lýsingar. Hún gegndi stóru hlutverki í styrjöldum Ísraelsmanna gegn Filisteum þegar landnám þeirra stóð sem hæst og færði þeim sigur í orustum. Frá öllu þessu segir í sögubókum Gamla testamentisins. Eyddi örkin, eða kraftur Guðs í örkinni, ef marka má Móse, herjum óvinanna. Þó var ekki alveg á hana að treysta og stundum brást hún eða reyndist Ísraelsmönnum skeinuhætt. Þannig að örkin sjálf var einhverskonar tæki eða vopn eða fyrirbæri sem fara varð varlega með. Davíð konungur færði örkina til Jerúsalem og Salómon lét koma henni fyrir í musterinu inni í hinu allra helgasta. Í hinu allra helgasta í musturum fortíðarinnar var að finna stytta af þeim Guði sem musterið var helgað. Svo var ekki í musteri Salómons. Hið allra helgasta var tóm, fyllt af nærveru Guðs.

Tökum eftir því að aðeins eitt annað musteri fornaldarinnar var byggt með sama hætti. Stóra musterið helgað Aton í borginni sem Akhenaton lét byggja sólarguðinum til dýrðar. Þar var heldur enginn stytta af Guði. En ljós sólarinnar fyllti forgarða mustersins af mætti hans. Ísraelsmenn litu á örkina sem háseti Drottins í sáttmálatjaldinu og síðar í musterinu. Hún var tákn þess að hann væri ná-

lægur. Eins og sólarguðinn Aton í geislum sólarinnar í Akhetaton.

Eftir að Salómon lést hrundi stórveldi Ísraels, landið klofnaði í tvö ríki árið 922 og örkin týndist. En margar heimildir nefna örlög hennar. Í Mishna, einu trúarríti gyðinga, segir svo frá að Salómon konungur hafi látið útbúa felustað fyrir örkina undir musterinu. Þar er nægt rými, fimm kílómetra neðanjarðargöng er kallast Námur Salómons, og ég sjálfur hef heimsótt með bræðrum frá Hamri í Hafnarfirði. Hvað um það. Felustaðurinn gleymdist í umröti næstu alda. Eftir að krossfarar unnu borgina 1099 fengu Musterisríddarar aðstöðu á musterishæðinni. Árin 1118 til 1127 stunduðu þeir uppgröft undir Al-Aqsa moskunnar á musterishæðinni sem stundur þar sem musterioð áður var. Sumir telja að þeir hafi fundið þar sáttmálaörkina. Við fall krossfararíkisins eiga þeir að hafa flutt hana með sér til Evrópu. Sagan segir að þegar Musterisreglan var bönnuð árið 1307 hafi reglubræður flúið frá París til Skotlands með örkina, eða uppdráttinn sem sýnir hvar hún er geymd. All-

ar kirkjur Musterisríddara eru samkvæmt þessari kenningu byggðar sem eftirmynd staðarins þar sem örkinn var falin undir musteri Salómons, meðal annars Temple Church í London. Sá staður var aftur byggður samkvæmt grunni hofs Atons í Egyptalandi. Sem tengir saman Forn- Egypta, Biblíuna, Ísraelsmenn, Musterisríddara og þá sem tóku við kefli þeirra eftir fall Musterisreglunnar.

Hverfum nú aftur að Akhenaton. Aðeins um 150 árum eftir að Akhenaton hvarf úr sögunni er sagt frá Ísrael á úthöggnum steini í Egyptalandi. En þannig tekst okkur að staðfesta sögur Gamla testamentisins út frá egypskum fornleifum allt aftur til aldamótanna 1200 fyrir Krist.

Öll þessi saga samskipta Egypta og hinna fornu Ísraels er dregin saman í áður nefndu riti Manetho um sögu Egyptalands, sem ritað var í Al-exandríu um 200 árum fyrir Krist. Saga Manetho er enn helsta uppspretta heimilda um þessa löngu liðnu atburði alla og alla faraóa Egyptalands frá upphafi. Þetta rit Manetho

er löngu glatað en geymist í endursögn annarra höfundu. Manetho skrifar að frá árinu 1700 fyrir Krist hafi kynþáttur „að austan“ ríkt yfir Egyptum í 511 ár. Að þeim árum liðnum voru þeir hraktir úr Egyptalandi með öllum eigum sínum, fjölskyldum og hjörðum og héldu yfir eyðimörkina. Þeir reistu sér borg í fjöllumum víggirta til að standast árásir.

Þeir kölluðu borgina Jerúsalem.

Við skulum kveðja Manetho þarna en frásögn hans er ákaflega áhuga-verð og tengir saman frásagnir Gamla testamentisins og sögu Egyptalands um 1700 árum fyrir Krist. Munum að enn er stærsti hluti sögu Forn-Egyptalands hulinn sandi. Og sandurinn geymir heimildir og leyndardóma sem ekkert okkar órar fyrir. Stöðugt bætist þó við í gagnabankann eftir því sem rannsóknum fleygir fram og nýjar minjar koma upp á yfirborðið sem varpa ljósi á sögu fornaldar Mið-Austurlanda.

Og styðja þar með frásagnir og sögur Biblíunnar.

*Séra Þórhallur Heimisson*



Grand  
HÓTEL  
REYKJAVÍK

## Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.





# Styrkveitingar Frímúrarasjóðsins í tuttugu ár

Í tilefni af þeim merka áfanga að tuttugu ár eru frá fyrstu styrkveitingu Frímúrarasjóðsins þykir mér vert að minnast upphafs sjóðsins og þess sem hann hefur áorkað til dagsins í dag.

Á fundi Æðsta Ráðs Frímúrarareglunnar á Íslandi hinn 3. október 1995 lýsti SMR, Indriði Pálsson, áhuga sínum á því að Reglan léti enn frekar gott af sér leiða í þjóðfélagi okkar og hreyfði þeirri hugmynd að myndaður yrði öflugur sjóður þar sem vaxtatekjum mætti verja til styrktar góðu málefni. Á Regluhátíð 1996 kynnti hann að stofnun Hjálpar- og Menningarsjóðs væri í undirbúningi. Skipulagsskrá Frímúrarasjóðsins – mannúðar- og menningarsjóðs Frímúrarareglunnar á Íslandi – var staðfest 31. október 1997. Í desember 1998 ákvað SMR að framlög bræðra á jólafundum rynnu til sjóðsins.

Í byrjun hafði Frímúrarasjóðurinn tekjur sínar af gjöfum og frjálsum framlögum. Þegar fram í sótti og með tilliti til árangurs söfnunar var ákveðið að framlag bræðra til sjóðsins yrði hluti árstíllags þeirra og er það 3.000 krónur nú. Þannig eru það bein framlög bræðra til sjóðsins sem mynda hann og gera kleift að styðja þau málefni sem sjóðstjórn leggur til við SMR að styrkt séu.

Reynsla og breyttir tímar urðu til þess að skipulagsskrá Frímúrarasjóðsins var endurskoðuð og þann 15. janúar 2008 gaf SMR út nýja skipulagsskrá. Stjórn sjóðsins skipa nú Allan V. Magnússon, formaður, Kristján S. Sigmundsson, varaformaður og Guðmundur Kr. Tómasson.

Verkefni Frímúrarasjóðsins eru fjölbreytileg. Í skipulagsskránni segir að tilgangur sjóðsins sé að styrkja stofnanir, félög og einstaklinga sem hafa skarað fram úr í mannúðar- eða menningarmálum á Íslandi, að veita styrki eða heiðursgjafir þeim stofnunum, félögum eða einstaklingum sem vinna afrek í vísindum eða fræðslu er stuðlað geta að hagsbótum fyrir bágstadda, þjáða eða sjúka. Þá skal sjóðurinn heiðra með fjárframlagi þær stofnanir, félög eða einstaklinga sem með störfum sínum skara fram úr í líknar- og menningarmálum þjóðarinnar.

Kveðið er á um að sjóðurinn taki



*Eiríkur Finnur Greipsson og Allan V. Magnússon afhentu Kristínu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Pieta samtakanna, styrk Frímúrarasjóðsins.*

að sér að kosta ákveðin, afmörkuð verkefni í líknar- eða mannúðarmálum, sem aðrir hafa ekki sérstaklega á verkefnaskrá sinni. Loks skal sjóðurinn styrkja önnur þau verkefni sem til heilla eða framfara horfa og aðstoða félög eða einstaklinga jafnt utan Frímúrarareglunnar sem innan eftir nánari tillögum stjórnar sjóðsins eða ákvörðun SMR.

Frímúrarasjóðurinn hefur alls veitt styrki að fjárhæð tæplega 128 milljónir króna frá stofnun hans fram til ársloka 2020 á verðlagi hvers árs. Á árinu 2018 var ákveðið að á árabílinu 2017 til 2021 skyldi 50 milljónum króna ráðstafað úr sjóðnum. Veittir voru styrkir á árinu 2019 að fjárhæð rúmlega 30 milljónir króna til Ljóssins, Hjálpræðishersins, til tækjakaupa á Heila- og taugadeild Landspítalans, InterRai og gerðar heilabilunarskrár á vegum Öldrunardeildar Landspítala, Kvænnaathvarfsins og Sólheima.

Þá var 20 milljónum króna ráðstafað til Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Bergsins headspace og Pieta samtakanna í nóvember 2020.

Ef miðað er við verðlag 2020 nema styrkveitingar sjóðsins hins vegar um 172 milljónum króna frá upphafi, en fyrsti styrkurinn var veittur á 50 ára afmælishátíð Frímúrarareglunnar á Íslandi í Borgarleikhúsinu haustið 2001. Þá var veittur styrkur að fjárhæð 15 milljónir króna til stuðnings rannsókna á einhverfu barna.

Helstu verkefni önnur, sem styrkt

hafa verið, eru þróun mælitækis á þroska ungra barna í samvinnu við landlæknisembættið og heilsugæsluna (með „mælitæki“ er átt við staðlaða aðferðafræði við greiningu þroskafrávika); þróun mats á þörfum eldra fólks, en það felur í sér að greina hvenær grípa þarf til félagslegra og/ eða læknisfræðilegra ráðstafana til hjálpar öldruðum og sjá til þess að viðeigandi ferli fari í gang. Einnig hafa styrkir verið veittir til Rauða kross Íslands, Neyðarlínunnar, Parkinson samtakanna og MND samtakanna. Styrkur var veittur til lög-gæsluverkefna m. a. með því að styðja við kaup á hundum til fíkniefnaleitar. Menningarstyrkir hafa meðal annars verið til Íslensku óperunnar og til kaupa á pípuorgeli í Stykkishólmskirkju.

Styrkir Frímúrarasjóðsins hafa verið „eftir efnun og ástæðum“ og þótt ekki hafi verið um risavaxnar fjárhæðir að ræða hefur virkilega munað um þau framlög sem innt hafa verið af hendi og vitnar innilegt þakk-læti styrkþega best um það.

Af þessum dæmum má ljóst vera að með Frímúrarasjóðnum hefur nú þegar tekist í talsverðum mæli, þrátt fyrir stutta sögu hans, að uppfylla eina af skyldum vorum í samfélaginu. Framundan eru fleiri verkefni þar sem vonandi munar ekki síður um framlag sjóðsins og verður nánar greint frá þeim síðar.

*Allan V. Magnússon*

## Skjalasafnið



Ljósmynd: Bandarískur herljósmyndari. Minjasafn Austurlands.

*Marlene Dietrich á tali við fjölmiðlafulltrúa bandaríska setuliðsins, Valdimar Björnsson. Henni til hægri handar situr yfirmaður öryggismála bandaríska setuliðsins, Dóri Hjálmarsson. Að baki þeim er Dave Zinkoff.*

# ZINK – Bróðir David Zinkoff

## Gestur á Jónsmessufundi 1970

Í fundargerð Jónsmessufundar stúkunnar Eddu 24. júní 1970 segir:

„Þar næst þakkaði br. David Zinkoff frá E. Coppee Mitchell Lodge # 605 fyrir hönd amerískra bræðra. Þar hann fram hlýjar óskir frá stúku sinni og þakkaði allar ánægjulegar samverustundir með frímúrurum á Íslandi.“

### Hver var gesturinn?

Hér verður nokkuð sagt frá br. David (Dave) Zinkoff eða Zink, eins og hann var yfirleitt kallaður. Hann var í tals-

verðum tengslum við Ísland og Íslendinga.

Hann fæddist árið 1910 í Kiev (Kænugarði) í rússneska keisararíkinu. Foreldrar hans voru Gyðingar og fluttu til Bandaríkjanna þegar Dave var eins árs. Hann ólst upp í Philadelphia, Pennsylvania, þar sem faðir hans rak verslun. Dave stundaði nám við Temple háskóla í Philadelphia og útskrifaðist 1932. Hann var byrjaður sem íþróttapurur þegar á námsárunum. Það varð ævistarf hans og aflaði honum mikillar frægðar. Lýsingar hans þóttu sérkennilegar, hann dró mjög seiminn og fann upp á ýmsu

til að lýsa leikmönnum. Zink var um tíma þulur körfuboltaliðsins Harlem Globetrotters og fararstjóri liðsins á heimsreisum þess 1952-1954. Lengst af var hann þulur körfuboltaliðsins Philadelphia 76ers.

Zink lýsti í síðasta sinn kappleik 15. desember 1985. Hann lést 25. desember 1985 eftir hjartaaðgerð. Gata í Philadelphia er nefnd eftir Zink. Minningargrein um hann birtist í Morgunblaðinu 1986.

### Zink á Íslandi

Zink gegndi herþjónustu í seinni heimsstyrjöld og var sendur til Ís-



lands 1943: William S. Key hershöfðingi, yfirmaður herafra Bandaríkjanna á Íslandi, skipaði undirlautinant Zinkoff til að sjá um afþreyingarmál í setuliðinu. Zink starfaði 1943-1945 sem ritstjóri við blaðið The White Falcon sem Bandaríkjaher gaf út á Íslandi á stríðsárunum. Hann átti drjúgan þátt í að fá hingað fræga skemmtikrafta, svo sem fiólusnillinginn Isaac Stern og leikarana Bob Hope og Marlene Dietrich.

Það var einnig hlutverk hans að efla íþróttaiðkun í setuliðinu. Þá vantaði íþróttahús sem rúmaði körfuboltaleik og fjölmennar samkomur. Zink mun hafa átt þátt í því að setuliðið reisti samkomu- og íþróttahús um það bil þar sem nú mætast göturnar Skeiðarvogur og Gnoðarvogur í Reykjavík. Íþróttahúsið var nefnt Andrews Memorial Field House í minningu Frank M. Andrews hershöfðingja sem fórst í flugslysi á Fagradalsfjalli 3. maí 1943. Húsið var opnað 20. nóvember 1943 að viðstöddum helstu liðsforingjum setuliðsins og íslenskum framámönnum. Bandarískir hermenn sýndu hnefaleika og félagar úr glímufélaginu Ármanni sýndu glímu undir stjórn Lárusar Salómonssonar. Kynnir var Dave Zinkoff. Ármenningar heiðruðu Zink skömmu síðar við hátíðlega athöfn með því að gefa honum merki félagsins og flaggstöng með íslenska fánanum. Hermenn í setuliðinu stunduðu ýmsar íþróttir í húsinu, meðal annars körfubolta og hnefaleika. Áhugasamir Íslendingar fengu að fylgjast með körfuboltaleikjum og varð það mikil hvatning í upphafi þeirrar íþróttar á Íslandi. Eftir stríð var Andrews Memorial Field House kallað Íþróttahúsið við Hálogaland eða bara Hálogaland og var aðal-íþróttahús Reykjavíkur þar til Laugardalshöllin var tekin í notkun árið 1965.

### FBI og Íslandsheimsóknir

Mörgum í ameríska setuliðinu fannst að fósturjörðin hefði gleymt þeim í útlegðinni á Íslandi og kölluðu sig „Forgotten Bastards of Iceland.“ Þar sem orðið „bastard“ var ekki nothæft í siðsamlegri orðræðu, töluðu menn stundum um „Brotherhood of the FBI“, sem ekki má rugla saman við



Hálogaland.

Ljósmynd: Sigurhans Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

kunnara FBI (Federal Bureau of Investigation).

Zink var leystur úr herþjónustu haustið 1945 sem höfuðsmaður (Captain) og hafði tvisvar verið hækkaður í tign síðan hann kom hingað sem undirlautinant. Eftir heimkomuna til Bandaríkjanna hafði hann samband við fólk sem hafði verið á Íslandi á vegum setuliðsins eða bandaríska Rauða krossins. Stofnuð voru mjög óformleg samtök með nafninu „Forgotten Boys of Iceland“. Orðið „Boys“ átti þó ekki alveg við, því konur, til dæmis hjúkrunarfræðingar af herspítölunum á Íslandi, voru með í samtökunum. Félagar hittust um það bil einu sinni á ári og árlega kom út fréttablað félagsins, White Falcon Jr. Félagar í FBI fóru einnig nokkrar hópferðir til Íslands undir forystu Zinks. Upplýsingar fundust um fimm slíkar ferðir, 1967, 1970, 1973, 1978 og 1983. Talsvert var skrifað um þessar heimsóknir í íslenskum dagblöðum og í blaðinu The White Falcon, sem bandaríska varnarliðið á Íslandi gaf út.

### Frimúrarinn Zink

Zink gerðist frímúrari 12. september 1967, þegar hann gekk í stúkuna E. Coppee Mitchell nr. 605 í Philadelphia.

Hann fékk meistarastig í þeirri stúku 24. nóvember 1967. Í gestabók Eddu 24. júní 1978 sést að Zink hafði þá 32°. Stúkan E. Coppee Mitchell var sameinuð annarri stúku 1985. Zink var meðlimur í frímúrarasamtökunum Shriners, en þau hafa unnið mikið starf að góðgerðamálum og sérstaklega styrkt barnaspítala.

Zink var að minnsta kosti tvisvar gestur á frímúrararafundum hér á landi, á Jónsmessufundum Eddu 1970 og 1978. Hann var vinmargur hér á landi og hefur eflaust hitt marga íslenska frímúrara utan frímúrararfunda, bæði á stríðsárunum og í fimm hópferðum FBI til Íslands.

### Heimildir

Leitað var fanga í Skjalasafni Reglunnar, á veraldarvefnum, í íslenskum blöðum (timarit.is) og í blaðinu The White Falcon. Helga Ágústssyni og Gunnari Gunnarssyni er þakkað fyrir notadrjúgar upplýsingar í viðtölum, einkum um upphaf körfuboltaíþróttarinnar á Íslandi.

*Halldór Baldursson, Skv. R.*

## FENRIR: Svipmyndir frá ferðalögum

### Mótorhjólaklúbbur frímúrara

Fenrir er mótorhjólaklúbbur frímúrara. Fenrir er um leið einn virkasti félagsskapur bræðra sem starfar utan Reglunnar. Þó er starfið, eins og í Reglunni, alfarið í samræmi við lög og reglur samfélagsins. „Við förum í einu og öllu eftir lögum og reglum, virðum allar umferðarreglur, þar með hámarkshraða og í byrjun hvernar ferðar fer ég yfir þetta með ferðafélögunum og við höfum ekki lent í vandræðum, ef einhverjir vilja hjóla öðruvísi gera þeir það á eigin ábyrgð og ekki í okkar félagsskap,“ segir Atli Vilhjálmsson, formaður klúbbsins. Árlega er farin löng ferð, á Jónsmessufund, ýmist á Ísafirði eða Akureyri og athyglisverðir staðir heimsottir í leiðinni, gjarnan undir leiðsögn bræðra á svæðinu. Systurnar eru oft með í þessum ferðum og ekki síður í styttri ferðum. Áhugasamir mótorhjólamenn hafa stundum slegist í för með hópnum þótt ekki séu frímúrara og setja skemmtilegt yfirbragð á hópinn. Hér eru nokkrar svipmyndir frá ferðum Fenrisbræðra á síðustu árum.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Formaðurinn tilbúinn á Jónsmessufund á Ísafirði.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Fjölmennasta ferð Fenris var heimsókn til Skálholtsbiskups 2019. Á myndinni eru sr. Kristján Björnsson vígslubiskup, þá SÆK, nú ÆKR, og Atli Vilhjálmsson formaður Fenris.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Klárir á Jónsmessufund á Ísafirði, f.v.: Magnús P. Halldórsson, Einar Már Gunnarsson, Steinn G. Ólafsson, Ólafur Guðbergsson, Sigurður Ö. Harðarson, Magnús Ingi Magnússon (h.t.a.ei.), Atli Vilhjálmsson, Guðmundur Ásbjörn Ásbjörnsson og Matthías Daði Sigurðsson.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Hjónin Reynir Kristjánsson og Helga Hauksdóttir.





Ljósmynd: Jón Svavarsson

*Helga Hauksdóttir og Svanhildur Benediktsdóttir.*



Ljósmynd: Jón Svavarsson

*Laxárvirkjun heimsótt og skoðuð.*



Ljósmynd: Jón Svavarsson

*Jóhanna S. Rúnarsdóttir (kona Atla formanns).*



Ljósmynd: Jón Svavarsson

*Fenrisfélagar heiðra minningu látins bróður og félaga, Magnúsar Inga Magnússonar.*



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

*Stjórn Fenris og heiðursfélagi, f.v.: Atli Vilhjálmsson, formaður, Sigurður Örn Harðarson, Einar Bjarnason, Arnbjörn Arason, Ólafur Guðbergsson, fyrrum SMR Valur Valsson heiðursfélagi Fenris og Magnús Páll Halldórsson.*





Ljós. Jón Svavarsson

Á Stórhátíð voru vígðir þrír nýir R&K, Úlfar Hauksson, Kjartan Örn Sigurbjörnsson og Árni Gunnar Kristjánsson sem hér eru ásamt Stórmeistara Reglunnar, Kristjáni Þórðarsyni.

# Stórhátíð Reglunnar haldin við óvenjulegar aðstæður

Þann 6. maí síðastliðinn gerðu rýmkaðar sóttvarnareglur það að verkum að unnt var að halda langþráða Stórhátíð Frímúrareglunnar á Íslandi. Stórhátíðin hafði áður verið fyrirhuguð þann 25. mars, eða eins nærri vorjafndægum og hægt er, en samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að af yrði þá. Stórhátíð er haldin á vegum Landsstúkunnar, og þurfa bræður sem hyggjast sækja hana að hafa náð 8. stigi.

Það var mikið gleðiefni fyrir þá 100 þátttakendur sem að komust að ná að sitja þennan mikilvæga og hátíðlega fund. Fundurinn var auðvitað haldinn í fullu samræmi við gildandi lög um sóttvarnir og mikil vinna var innt af hendi af hálfu skipuleggjenda og síðameistara að gæta fyllsta öruggis bræðra í hvívetna. Bæði fundurinn sjálfur og veislufundurinn sem

við tók í kjölfarið þóttu enda heppnast með ágætum.

Á fundinum voru 3 nýir bræður vígðir til R&K, þeir Kjartan Örn Sigurbjörnsson, Árni Gunnar Kristjánsson og Úlfar Hauksson. Jafnframt var tilkynnt um aðrar breytingar á embættiskipan innan Reglunnar, og má sjá nánari upplýsingar um þær aftar í blaðinu.



Ljós. Jón Svavarsson

Kristján Sigmundsson og Þorsteinn G.A. Guðnason kampakátir á Stórhátíð.



## Nýir R&amp;K



Árni Gunnar Kristjánsson.

Á Stórhátíð Reglunnar þann 6. maí 2021 var Árni Gunnar Kristjánsson kallaður til R&K r.k. af SMR Kristjáni Þórðarsyni.

Árni fæddist á Akureyri þann 23. nóvember 1961, sonur hjónanna Kristjáns Árnasonar og Önnu Lillýjar Daniélsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1982 og útskrifaðist sem byggingatæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands 1986. Starfsvettvangurinn hefur verið í hönnun á mannvirkjum, aðalega í hönnun burðarvirkis og lagna í byggingum og starfar Árni nú á verkfræðistofunni Eflu þar sem hann er hluthafi.

Árni gekk í St. Jóh.st. Rún 1992 og gegndi þar embættum v.Sm. og v.E.Stv. frá 1995-2001. Í Huld gegndi hann embætti v.E.Stv. frá 2001 til 2003 þegar hann tók við sem E.Stv. og gegndi því til 2010. Þá var hann v.Y.Stv. 2010-2011 og Vm. frá 2011-2013. Hann gegndi svo embætti Stm. St.Andr.st. Huldar frá árinu 2013 til 2021.

Árni er kvæntur Agnesi H. Skúladóttur lífeindafræðingi á Sjúkrahúsinu á Akureyri og eiga þau þrjú börn og sex barnabörn.



Kjartan Örn Sigurbjörnsson.

Á Stórhátíð Reglunnar þann 6. maí 2021 var Kjartan Örn Sigurbjörnsson kallaður til R&K r.k. af SMR Kristjáni Þórðarsyni.

Kjartan Örn Sigurbjörnsson er fæddur á Siglufirði 23. október 1948, sonur hjónanna Guðrúnar Þorbjörnsdóttur frá Vestmannaeyjum og Sigurbjörns Sveinssonar frá Siglufirði.

Kjartan Örn lauk stúdentsprófi frá MA vorið 1968 og prófi frá Guðfræðideild HÍ vorið 1974. Hann stundaði kennslu á Akranesi veturinn 1974-1975.

Kjartan vígðist í Skálholtskirkju 29. júní 1975 til prestsþjónustu í Vestmannaeyjum og þjónaði í Eyjum til haustsins 1991. Hann stundaði framhaldsnám í sálgæslu við Háskóla-sjúkrahúsið í Iowa City í Bandaríkjunum frá vori 1988 til haustsins 1989. Kjartan flutti til Reykjavíkur haustið 1991 og var sjúkrahússprestur á Landakotsspítala, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítala þar til hann lét af störfum árið 2018.

Kjartan gekk í St. Jóh.st. Eddu árið 1977. Hann gegndi störfum formanns í Bræðrafélaginu í Vestmannaeyjum árin 1980-1983 og síðan Rm. í Fræðslustúku í Vestmannaeyjum 1983-1988 Fór í St. Jóh.st. Mími 1995 og var Rm. í Mími 1995-2002 og Yf. Km. í Landsstúkunni 2016-2021.

Kjartan er kvæntur Katrínu Þórlindsdóttur hjúkrunarfræðingi frá Eskifirði. Þau eignuðust tvö börn og eiga fimm barnabörn.



Úlfar Hauksson

Á Stórhátíð Reglunnar þann 6. maí 2021 var Úlfar Hauksson kallaður til R&K r.k. af SMR Kristjáni Þórðarsyni.

Úlfar Hauksson er fæddur á Akureyri 6. júní 1952. Foreldrar hans voru Haukur Kristjánsson og Anna Steindórsdóttir en þau eru bæði látin.

Úlfar lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1972 og kandidatsprófi í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands 1977. Hann starfaði svo hjá Akureyrarbæ í liðugan áratug og síðan hjá Kaffibrennslu Akureyrar 1990-2003 og Háskólanum á Akureyri 2003-2017. Samhliða var Úlfar stundakennari í þjóðhagfræði í MA og síðar formaður skólanefndar MA í mörg ár. Úlfar hefur sinnt ýmsum félagsmálum og var m.a. lengi starfandi með Rauða krossi Íslands, þar af formaður um árabíl.

Úlfar gekk í St. Jóh.st. Rún árið 1991. Hann gegndi þar embætti vL. og vRm. Hann gegndi svo embættum í St. And.st. Huld s.s. vE.Stv., Vm. og síðar embætti Stm. 2007-2013. Hann hefur svo gegnt embætti 2. Vm. Stúartstúkunnar á Akureyri frá 2013.

Úlfar er kvæntur Hólfríði Andersdóttur og eiga þau tvö börn og fjögur barnabörn.

mora

INXX II  
Glæsilegasta lína okkar til þessa.

INXX II  
STURTUHAUS  
Brushed brass

LASTING  
WATER  
EXPERIENCE  
moraarmatur.com



Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is  
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is



Komdu í ókeypis  
heyrnarmælingu  
og fáðu tæki lánuð  
til reynslu

www.heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN 

SVAFAR & HERMANN

*Kvedja*  
útfararstofa



Virðing,  
reynsla  
& þjónusta

Allan  
sólarhringinn

571 8222  
Svafar:  
820 3939  
Hermann:  
820 3938  
Ingibjörg:  
820 3937



WWW.KVEDJA.IS

**Minningarkort  
bræðranefndar  
fást á www.  
frmr.is**







*Friðgeir Magni Baldursson.*

## **Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Hamars**

Þann 19. maí sl. var Friðgeir Magni Baldursson settur í embætti Stm. St. Jóh.stúkunnar Hamars í Hafnarfirði af DSM Sigurði Kr. Sigurðssyni.

Friðgeir Magni fæddist í Reykjavík 30. maí 1954, sonur hjónanna Bergþóru Bachmann og Baldurs M. Stefánssonar. Hann lauk sveinsprófi í rennismiði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1972. Hann fluttist árið 1985 til Stokkhólms, þaðan sem hann lauk BSc prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Stokkhólmi.

Friðgeir Magni hóf störf hjá Landsbanka Íslands þegar hann flutti aftur til Íslands og hefur starfað þar óslitið síðan, lengst af sem útíbússtjóri og svæðisstjóri fyrirtækjaviðskipta.

Friðgeir Magni gekk í St. Jóh.st. Hamar í janúar 1998 og hefur starfað þar í embættum v. Y.Stv., v.R, R, E.Stv., Am. og Vm. á árunum 2000-2021. Á árunum 2001-2005 starfaði hann í St. Jóh.st. Röðli á Selfossi þar sem hann gegndi starfi v.Rm. Þá hefur hann verið form. Bræðranefndar Hamars frá árinu 2014.

Friðgeir Magni er kvæntur Björgu Pétursdóttur, skrifstofustjóra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og eiga þau fimm börn og sjö barnabörn.



*Sævar Kristjánsson.*

## **Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Gimli**

Þann 17. maí sl. var Sævar Kristjánsson settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.st. Gimli af SMR Kristjáni Þórðarsyni.

Sævar fæddist í Reykjavík þann 18. nóvember 1965. Foreldrar hans eru Kristján Pétur Ingimundarson (d. 2003) og Jóhanna Margrét Axelsdóttir.

Sævar lauk sveinsprófi í blikkismiði árið 1985 og fékk í kjölfarið meistararéttindi. Síðar lauk hann frumgreinadeildarprófi frá Tækniskóla Íslands. Hann kom inn í rekstur fyrirtækis föður síns, Hagblikks ehf., árið 1996 og eftir andlát hans hefur hann verið eigandi og forstjóri fyrirtækisins.

Sævar gekk í St. Jóh.st. Gimli 23. mars árið 1998. Þar hefur hann gegnt ýmsum embættum, v.R. Gimli frá 2000 til 2004, vY.Stv. 2004 til 2008, Y.Stv. 2008 til 2010, E.Stv. 2010 til 2011, 2.vStm. 2011 til 2014, Am. 2014 til 2015 og VM. 2015 til 2021. Hann hefur einnig verið formaður Brn. Gimlis frá 2011 til 2021.

Sævar er kvæntur Sigurbjörgu Vilmundardóttur leikskólakennara, sem starfar nú við hlið hans í Hagblikk ehf. og eiga þau þrjú börn og fimm barnabörn.



*Jóhannes Kári Bragason.*

## **Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Mælifells**

Að undangengnu kjöri var Jóhannes Kári Bragason settur í embætti Stólmeistara St. Jóh.st. Mælifells þann 27. maí síðastliðinn af STR Guðmundi Guðmundssyni.

Kári fæddist í Reykjavík 4. ágúst 1976, sonur Braga Arasonar og Laufeyjar Margrétar Jóhannesdóttur. Kári er húsasmiðameistari að mennt frá Tækniskólanum í Reykjavík. Hann átti byggingarfyrirtækið Tveir Smiðir ehf. frá 2002 og starfaði þar sem húsasmiður og framkvæmdastjóri þar til hann seldi það árið 2019. Hann starfar nú sem slökkviliðsstjóri Brunavarna Húnaþings vestra.

Kári gekk í St. Jóh.st. Mælifell árið 2005 og gegndi þar embætti v. Sm. 2006-2010, v.E.Stv. frá 2010-2012, E.Stv. frá 2012-2015 og Vm. frá 2015-2019.

Kári er kvæntur Raket Runólfsdóttur, umsjónarmanni dreifnáms FNV á Hvammstanga, og eiga þau 4 börn og 1 barnabarn.



**TILBOÐ**

**2 fyrir 1**

af margskiptum glerjum

**PLUSMINUS** | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - [www.plusminus.is](http://www.plusminus.is)





Séra Guðmundur Ólafur Þorsteinsson  
R&K níðæður.

## R&K Guðmundur Ólafur Þorsteinsson 90 ára

Br. Guðmundur Ólafur Þorsteinsson, fyrrverandi sóknarprestur, náði þeim merka áfanga að verða 90 ára þann 23. desember síðastliðinn, á Þorláksmessu. Í tilefni þessa merkisafmælis færði br. Eiríkur Finnur Greipsson afmælisbarninu blómvönd og kærar kveðjur frá Reglunni.

Br. Guðmundur Ólafur Þorsteinsson gekk í St. Jóh.st. Gimli í janúar 1975. Hann var vRM í Gimli og St. Andr. St. Helgafelli 1977-1983, RM Gimli 1983-1988, Yf. Km. Landsstúkunnar 1988, St.KM. 1990 og SÆK frá 1994 til 2005. Hann hlaut R&K stig 1990.

Br. Guðmundur Ólafur Þorsteinsson er ekill, kona hans var Ásta Bjarnadóttir.



Konráð P. Alfreðsson.

## Nýr Stólmeistari St. Andr.st. Huldar

Þann 10. maí sl. var Konráð P. Alfreðsson settur inn í embætti Stólmeistara St. Andr.stúkunnar Huldar af SMR Kristjáni Þórðarsyni.

Konráð fæddist á Akureyri þann 15. október 1952, sonur hjónanna Alfreðs Konráðssonar frá Árskógsströnd, rafvirkja og skipstjóra á Hríseyjarferjunni Sævari, og Valdísar Þorsteinsdóttur, stöðvarstjóra Pósts og síma í Hrísey.

Hann lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Ólafsfjarðar og eftir það lá leiðin á sjóinn sem varð hans aðalstarf þar til hann tók við formennsku í Sjómannafélagi Eyjafjarðar 1989, en hann var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og gegndi hann því starfi til haustsins 2020, eða í 31 ár. Konráð var á þessum árum lengst af varaformaður Sjómannasambands Íslands, stjórnarmaður í Lífeyrissjóði sjómanna sem síðar varð Lífeyrissjóðurin Gildi auk ýmissa annarra trúnaðarstarfa.

Konráð gekk í St. Jóh.st. Rún árið 1987 og gegndi þar embætti 3.vL frá 1990 til 1994. Í Huld gegndi hann embættum 2.vFh. 1998 til 2001 og 1. vY.Stv. 2001 til 2006. Því næst var hann Y.stv. Huld frá 2006 til 2013, Vm.2 frá 2013 til 2017 og Vm.1 2017 til 2021.

Konráð kvæntist Agnesi Guðnadóttur frá Akureyri árið 1973 en hún lést 2017. Þau eignuðust 3 börn, 1 dreng og 2 stelpur. Afabörnin eru í dag 11 og 1 langafabarn.



Daníel Guðjónsson.

## Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Rúnar

Þann 28. apríl sl. fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunni Rún á Akureyri. Kjörinn var br. Daníel Guðjónsson og var hann settur í embætti af br. Eiríki Finni Greipssyni, Stórritari Reglunnar, þann 19. maí.

Daníel er fæddur á bænum Kjörvogi í Árneshreppi, Strandasýslu þann 30. júní 1952. Foreldrar hans voru Guðjón Magnússon, trésmíðameistari og síðar bóndi þar og Guðmunda Þorbjörg Jónsdóttir, hús-freyja.

Daníel varð stúdent frá MR árið 1973 og stundaði síðan nám í Viðskiptadeild Háskóla Íslands í tvo vetur. Hann varð lögreglumaður í Lögreglunni á Húsavík 1979 og lauk námi frá Lögregluskóla ríkisins 1981. Hann lauk námi í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands árið 2001. Daníel var varðstjóri í Lögreglunni á Húsavík 1982 og yfirlögregluþjónn í Lögreglunni á Akureyri 1995 til starfsloka 2017. Hann lauk námi fyrir leiðsögumenn við Símenntun Háskólans á Akureyri 2019.

Daníel gekk í Rún árið 1986 og starfaði í fræðslustúkunni Draupni á Húsavík til 1995 en frá þeim tíma í Rún á Akureyri. Daníel var söngstjóri í Draupni og síðar í Rún til 2008. VM og AM í Rún frá 2009 og formaður Brn. frá 2015. Daníel hefur verið stjórnandi Rúnarkórsins, kórs frímúrarabræðra á Akureyri, frá 2011 og áður undirleikari hans.

## Frá Stjórnstofu



*Hinn 6. maí 2021 gaf SMR út svohljóðandi tilskipun um skipan embætta í Æðstaráði Reglunnar, Landsstúkunnni, Stúartstúkunnni og Ráðum Reglunnar.*

### ÆÐSTA RÁÐ

1. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Vigfús Þór Árnason, sem náði hámarksaldri embættismanna í apríl sl., er hér með leystur frá embætti ÆKR.
2. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Kristján Björnsson er hér með skipaður ÆKR. Jafnframt er hann leystur frá embætti SÆK.
3. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Kjartan Örn Sigurbjörnsson er hér með skipaður SÆK. Jafnframt er hann leystur frá embætti Yf.Km.
4. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Gunnlaugur Claessen, sem nær hámarksaldri embættismanna í ágúst nk., er hér með leystur frá



## Finum betri leið fyrir sparnaðinn þinn

Það eru ýmsar leiðir til að ávaxta. Velkomin í sparnaðarráðgjöf.





embætti STR og embætti oddvita Stúkuráðs.

5. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Guðmundur Guðmundsson með HmR, er hér með skipaður STR og oddviti Stúkuráðs. Jafnframt er hann leystur frá embætti MBR og varaoddvita Stúkuráðs.
6. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Hákon Birgir Sigurjónsson er hér með skipaður MBR og varaoddviti Stúkuráðs. Jafnframt er hann leystur frá embætti E.St.Stv.

#### LANDSSTÚKAN

##### Stórembættismenn

7. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Guðmundur Már Stefánsson er hér með skipaður E.St.Stv. og varaoddviti Fjárhagsráðs. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y. St.Stv. og embætti varoddvita Fræðaráðs.
8. Hæstupplýstur br. R&K r.k. Árni Gunnar Kristjánsson er hér með

skipaður Y.St.Stv. og varaoddviti Fræðaráðs.

##### Yfirembættismenn

9. Háttupplýstur br. r.p. Vigfús Bjarni Albertsson er hér með skipaður Yf.Km. Jafnframt er hann leystur frá starfi Km.
10. Háttupplýstur br. r.p. Bogi Magnússon er hér með leystur frá embætti Y.Yf.Stv. að eigin ósk.
11. Háttupplýstur br. r.p. Árni Gunnarsson er hér með skipaður Y.Yf.Stv.
12. Háttupplýstur br. r.p. Auðunn Ágústsson, sem náð hefur hámarksaldri embættismanna, er hér með leystur frá embætti Ev.R.
13. Háttupplýstur br. r.p. Ásgeir Ásgeirsson er hér með skipaður Ev.R. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Ev.
14. Háttupplýstir brr. r.p. Albert




Sveinsson og Símon S. Sigurpálsson, sem gegnt hafa embætti FSMR í lögskipaðan tíma, eru hér með skipaðir FSMR til Stórhátíðar 2022.

15. Háttupplýstur br. r.p. Guðjón Sigurbjörnsson er hér með leystur frá embætti FSMR að eigin ósk.
16. Háttupplýstur br. r.p. Ásmundur Svanberg Jónsson er hér með skipaður FSMR.

## TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI  
KÓPAVOGS**



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur  
[www.bifreidaverkstaedi.is](http://www.bifreidaverkstaedi.is)

**S:587 1350**

**Almennir embættismenn**

17. Háttupplýstur br. r.p. Sighvatur Karlsson er hér með skipaður Km.
18. Hæstlýsandi br. Magnús Björn Björnsson er hér með skipaður Km.
19. Upplýstur br. Vilhjálmur Þorláksson, sem gegnt hefur embætti Stú.M. í lögskipaðan tíma, er hér með skipaður Stú.M. til næstu Stórhátíðar.
20. Upplýstur br. Einar Sigurjón Bjarnason er hér með leystur frá embætti Sm. að eigin ósk.
21. Upplýstur br. Birgir Snær Vals-son, háttupplýstur br. r.p. Tryggvi Magnús Þórðarson, háttlýsandi br. Hreinn Vídalín Sigurgeirsson og háttlýsandi br. Agnar Bragi Bragason eru hér með skipaðir Smm.
22. Upplýstur br. Eyjólfur Baldursson, sem gegnt hefur embætti Fh. í lögskipaðan tíma, er hér með skipaður Fh. til næstu Stórhátíðar.
23. Háttupplýstur br. r.p. Skapti Jóhann Haraldsson er hér með skipaður Y.Ev. Jafnframt er hann leystur frá embætti Sm.
24. Háttupplýstur br. r.p. Arnar Hauksson, sem gegnt hefur embætti Y.Stú. í lögskipaðan tíma, er hér með skipaður Y.Stú. til næstu Stórhátíðar.
25. Háttupplýstur br. r.p. Jakob Möller, sem gegnt hefur embætti R. í lögskipaðan tíma, er hér með skipaður R. til næstu Stórhátíðar.

**Aðstoðarembættismenn**

26. Háttupplýstir br. r.p. Guðmundur Haraldsson, Kjartan Sigurðsson

og Ívar Þórólfur Björnsson eru hér með leystir frá embætti A.Ev. að eigin ósk.

27. Hæstlýsandi br. Leifur Sörensen er hér með skipaður A.Ev.
28. Háttupplýstur br. r.p. Leifur Albert Ísaksson er hér með leystur frá embætti A.Bv. að eigin ósk.
29. Upplýstur br. Gísli Sveinn Loftsson er hér með skipaður A.Bv.

**Stúartstúkan á Akureyri**

30. Upplýstur br. Ari Fossdal er hér með skipaður E.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Sm.
31. Upplýstur br. Steinmar H. Rögnvaldsson er hér með skipaður Y.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti A.Sm.

**RÁÐ REGLUNNAR****Fjárhagsráð**

32. Háttupplýstir br. r.p. Jens Sandholt, Ólafur Rúnar Jónsson og Jón Eiríksson, sem allir hafa gegnt embættum í lögskipaðan tíma, eru hér með skipaðir til að eiga sæti í Fjárhagsráði til Stórhátíðar 2023.
33. Háttupplýstur br. r.p. Sveinbjörn Egill Björnsson, sem gegnt hefur embætti R. Fjárhagsráðs í lögskipaðan tíma, er hér með skipaður R. Fjárhagsráðs til Stórhátíðar 2023.

**Stúkuráð**

34. Steingrímur Bergmann Gunnarsson, sem gegnt hefur embætti í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá setu í Stúkuráði.
35. Háttupplýstir br. r.p. Pétur Andreas Maack og Jóhann Steinson, sem gegnt hafa embætti í lögskipaðan tíma, eru hér með skipaðir til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2023.
36. Upplýstur br. Bjarni Ólafur Ólafsson er hér með skipaður til að eiga sæti í Stúkuráði til Stórhátíðar 2023.

Útgefið í Reykjavík 6. maí 2021.

**Stimpilklukku- og tímaskráningarkerfi****Stimpilklukkur auðveldar í notkun með fjölbreyttum eiginleikum**

- Skráning með fingrafari og eða nándarkorti/lykli.
- Snertiskjár, aðgengi að interneti, skjalasafni og fl.
- Skráning vinnutíma allt að 100 starfsmanna.
- Uppsetning mismunandi vinnutilhögunar eða vakta.
- Skráning fjarvista-, veikinda- og rauðra daga.
- Auðveld leiðrétting villuskráningar.
- Margir aðrir eiginleikar í boði.

**Ein sala engar kvæðir um þjónustu- eða áskriftarsamning**

Þjónustuaðstoð í boði, uppsetning og kennsla





**Otto B. Arnar ehf**

Skipholti 17 | 105 Reykjavík | Sími 588 - 4699 | oba@oba.is | www.oba.is



# Styrktarauglýsingar



# Styrktarauglýsingar



Gillibo ehf  
Málningarþjónusta  
Gísl Björgvinsson

Sími 821-2026 - Netfang: gillibo61@gmail.com



# REGALO



Fjarðargötu 1, Seyðisfirði  
Sími 472 1300



## A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



www.alnabaer.is



Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki





# Styrktarauglýsingar

PROMENNT

**HÁSANDUR**

Birkiási 36, 210 Garðabæ  
862 0192



QUORUM

www.quorum.is



www.norlandair.is



Þínar þarfir - okkar þjónusta.  
www.holdur.is



HLÍÐARKAUP



## Styrktarauglýsingar



### BÓKHALDSPJÓNUSTA ARA

REYKJAVÍKURVEGI 66  
HAFNARFIRÐI  
895 1750

### Barði Öundurson

Hafrafelli, Ísafirði  
Sími 892 0429

### Pípulagningarþjónusta Bolungarvíkur

Hafnargötu 116, Bolungarvík  
Sími 893 4063

### Sýningarljós



### VALITOR



*Nesey ehf*



*Frímúrararinn þakkar auglýsendum veittan stuðning*





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



# TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



**BRÁÐ ehf.**

**ER Á LISTA FRAMÚRSKARANDI  
FYRIRTÆKJA FRÁ UPPHAFI**

*Fyrir það erum við þakklát frábæru starfsfólki,  
sístækkandi hópi viðskiptavina  
og einstakri íslenskri náttúru.*



**VEIÐIHORNID**



SÍÐUMÚLA 8  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 568 8410  
VEIÐIHORNID.IS